

Edda Pétursdóttir og Þórdís Gísladóttir

# Flökkuskínnna

BÓKMENNTIR FYRIR MIÐSTIG



KENNSLULEIÐBEININGAR

## Til kennara

Við val á textum og efni í bókina var fyrst og fremst haft í huga að efnistöð væru fjölbreytt og næðu að fanga áhuga sem allra flestra nemenda.

Textarnir eru úr ýmsum áttum og skrifaðir af rithöfundum, ljóðskáldum, blaðamönnum eða fræðimönnum. Bókin skiptist í sex kafla þar sem hver kafli hefur ákveðið þema. Gert er ráð fyrir að kennarar velji þá kafla eða hluta úr köflum, viðfangsefni og verkefni sem henta hverju sinni.

Námsefnið miðar að því að ná til allra grunnpátta í *Aðalnámskrá grunnskóla* frá 2011. Við val á textum og verkefnum voru hæfniviðmið fyrir miðstigi grunnskólans í íslensku höfð að leiðarljósi samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* greinasviði í íslensku frá 2013.

Það er von okkar að kennslubókin *Flökkuskinna* auðveldi kennurum að skapa námsumhverfi þar sem nemendum gefst tækifæri á að skoða, leita, leika og skapa með tungumálið sem verkfæri. Við vonum að efni bókarinnar nái að auka áhuga nemenda á lestri og auki tækifæri og vilja þeirra til að afla sér víðtæks fróðleiks. Textar jafnt sem verkefni verða vonandi uppspretta frjórrar umræðu, rökræðna, alhliða tjáningar og sköpunar.

Kennsluleiðbeiningarnar eru samansettar með það í huga að greiða leið kennara að textum bókarinnar og verkefnum. Flestir sem kenna íslensku á miðstigi kenna mörg önnur fög og misjafnt hvort þeir eru með íslensku sem valgrein. Það er því von okkar að leiðbeiningarnar komi að gagni við undirbúning og geri kennsluna aðgengilegri og áhugaverðari.

*Edda Pétursdóttir og Þórdís Gísladóttir*

## Kennsluhættir og hæfniviðmið

Fjölbreytni í kennsluháttum er lykilatriði. Verkefni í bókinni og viðbótarverkefni í kennsluleiðbeiningum eru hugsuð sem ákveðinn grunnur og geta kennarar nýtt þau eftir hentugleika en eru jafnframt hvattir til að spinna við eftir sínum háttum, vilja og stemmningu hverju sinni.

Bókin kemur inn á alla þætti íslenskunnar sem í aðalnámskrá frá 2013 skiptist í fjóra þætti, talað mál og hlustun, bókmenntir, ritun og málfræði. (bls. 98–100)

- Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Gott vald á munnlegri tjáningu í móðurmáli er undirstaða tungumálanáms og nýttist í öllum öðrum námsgreinum.
- Veigamikill þáttur í almennri menntun er að kunna að hlusta og horfa með athygli og á gagnrýninn hátt. Mikilvægt er að nemendur læri að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana annarra í umræðum og rökræðum.
- Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Þar þarf m.a. að fjalla um siðferði í samskiptum og málnotkun.
- Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmynd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og minnihlutahópa.
- Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera okkur kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar.
- Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta. Með þessum hætti tengjast lestur og ritun. Þar hefur hvort gagn af öðru og því mikilvægt að kenna og þjálfast lestur og ritun samhliða, og byggja upp stigvaxandi hæfni í ritun.
- Greina má þjálfun ritunar í tvo meginþætti þótt þeir séu oft samofnir í reynd. Annars vegar er textinn sjálfur, svo sem val á textagerð, skipan efnispátta, málsnið, mál og stíll. Hins vegar eru tæknileg atriði, þ.e. skrift, stafsetning, uppsetning og frágangur texta.
- Leggja ber mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, fyrir ólíka hópa lesenda og í mismunandi tilgangi, bæði handskrifað og á stafrænu formi.
- Mikilvægt er að grípa þau tækifæri sem gefast til að nota málfræðihugtök til nánari úrskýringa, svo sem við ritun texta, í umfjöllun um bókmenntir og í málfarsumræðum. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra.

Hæfniviðmiðin sem nemendur eiga að búa yfir við lok 7. bekkjar fléttast við verkefni í bókinni. Hvert ták getur innihaldið hæfniviðmið sem ná til fárra eða margra þátta. Kennarar geta valið texta og verkefni með viðmiðin í huga (*Aðalnámskrá grunnskóla* bls. 101–105) og rúmast þau flest innan bókarinnar.

## Orðaforði – orðabækur

Til að efla hæfni nemenda í orð- og lesskilningi er gott að greina og setja saman orð, lesa í orðin, skoða skýringar hvort sem þær eru gagnsæjar eða ekki, skapa ný orð með samsetningum og setja orð í samhengi í ljóð, sögur, leikrit eða spjall.

Gott er að hvetja nemendur til að útbúa sína eigin orðabók. Þetta getur verið lítil minnisbók sem alltaf er tiltæk og flakkar á milli heimilis og skóla. Í hana geta nemendur skrifað orð sem eru ný fyrir þeim, orð sem eru skrýtin og skemmtileg, orð sem eru falleg, undarleg o.s.frv.

Orðabanki bekkjarins getur verið framlenging af persónulegu orðabókinni. Hann getur verið stílabók, minnisbók í stóru broti og/eða blöð á vegg, blaðalengjur sem skeytt er saman eftir þörfum.

### Útfærsla:

Orð	mín/okkar skýring	orðabókarskýring

## Umræður, rökræður og að skipast á skoðunum

Með því að tjá hugsanir sínar í orð, hlusta á aðra og skiptast á skoðunum eykst orðaforði nemenda jafnt og þétt og máltilfinning eflist. Umræðan er mikilvæg þó hún sé tímafrek og þarf að nota hana til jafns við aðra þætti, umræðan ein og sér getur verið takmark í sjálfu sér. Þannig er komið á mótis við ólíkar þarfir nemenda.

Áður en lestur bókarinnar hefst er gott að vekja athygli nemenda á spurningum í hugsanablöðrum á spássíum. Þær eru til þess að staldra við og velta fyrir sér efni textans. Jafnvel er ástæða til að ræða spurningarnar með öllum bekknum til að dýpka skilning þeirra. Slíkar hugsanablöðrur eru með flestum sögum í bókinni.

# 1. kafli – Í dagsins önn

Viðmið verkefna kaflans er m.a. að nemendur fái tækifæri til að efla hæfni sína í:

- lestri og lesskilningi með því að lesa mislanga texta og ræða um þá
- að finna orð í texta sem þeir skilja ekki og leita að merkingu þeirra
- að lesa úr töflu upplýsingar í tölum
- ritun með því að skrifa um efni sem er þeim hugleikið (t.d. dýr)
- umræðum með því að tjá og segja sína skoðun
- að hlusta á aðra segja frá
- að lesa ljóð og skoða líkingar
- að bera saman eigin og annarra niðurstöður

## Í afahúsi eftir Guðrúnu Helgadóttur (bls. 6)

Guðrún er einn þekktasti barnabókahöfundur á Íslandi. Hún skrifar aðallega fyrir stálpuð börn en hefur einnig sent frá sér nokkrar myndabækur fyrir yngri börn. Hún hefur skrifað eina skáldsögu og sjónvarpsleikrit fyrir fullorðna. Leikrit hennar *Óvitar* var frumflutt í Þjóðleikhúsinu 1979 og hefur einnig verið sett á svið í Færeyjum og í Noregi. Sagan um tvíburana Jón Odd og Jón Bjarna hefur verið kvikmynduð.

### Staldráðu við bls. 9

- 1.-2. Það kemur fram að strákarnir stálu blöðunum. Tóta segir frá því í sögunni þannig að hún veit af því og veit að það var rangt af þeim og líklega þess vegna sem hún fær hita í fingurna við að lesa blöðin. Reynið að fá nemendur til að tjá sig um hugtök eins og heiðarleika/óheiðarleika og samviskubit.
3. Höfundur sem er alvitur getur séð inn í huga allra persóna sögunnar og veit hvað þær hugsa og gera. Hann hoppar á milli þess sem Tóta og kaupmaðurinn hugsa. Höfundurinn veit líka að Sigríður sem á köttinn ætlar að hafa ýsu í kvöldmatinn.  
Til að nemendur geri sér grein fyrir þessu er hægt að skoða þetta atriði nánari með því að finna dæmi úr sögunni og setja inn í hugsanablöðru eða talblöðru.

### Hugsanablaðra:



### Talblaðra:



4. Myndasögurammar til útprentunar eru aftast í þessu skjali sjá bls. 68:  
[http://vefir.nams.is/klb/raudkapa\\_verkefni.pdf](http://vefir.nams.is/klb/raudkapa_verkefni.pdf)
- 5.–6. Nemendur geta hannað og útbúið boðskort sem mögulega er hægt að nýta og tvinna þannig verkefnið við atburð í skólanum, bekkjarkvöld, heimsókn frá vinabekk, bekkjarkynningu sem foreldrum er boðið á svo eitthvað sé nefnt.
- Með tækni nútímans er hægt að hanna boðskort á marga vegu og nýta til þess þá möguleika sem í boði eru. Boðskort eru oft send rafrænt og á veraldarvefnum er hægt að fá ýmsar hugmyndir.

#### Meira um höfundinn:

[http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3900/6556\\_read-18350/RSkra-62](http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3900/6556_read-18350/RSkra-62)

#### Nánar um söguna og fleiri kennsluhugmyndir:

<http://www.ismennt.is/vefir/barnung/gudhelga.htm>

## Vinsæl gæludýr (bls. 10)

á Vísindavefnum <http://visindavefur.is> er ýmislegt áhugavert um gæludýr.

Á bókasöfnum eru til bækur á íslensku um gæludýr og umhirðu þeirra. Margar þeirra eru aðgengilegar fyrir börn með hæfilegum texta og mörgum myndum.

Dýralæknirinn Mark Evans skrifaði bókaflokk sem þýddur hefur verið á íslensku um umönnun gæludýra:

*Kettlingar – handbók fyrir unga kattaeigendur.* (1992) Mál og menning, Reykjavík.

*Hvolpar – handbók fyrir unga hundaeigendur.* (1992) Mál og menning, Reykjavík.

*Fiskar – handbók fyrir unga fiskaeigendur.* (1993) Mál og menning, Reykjavík.

*Fuglar – handbók fyrir unga fuglæigendur.* (1993) Mál og menning, Reykjavík.

#### Aðrar handhægar bækur eru:

*Gæludýrin okkar.* (2005). Guðrún Heimisdóttir (Gæludýra-Guðrún).

Mál og menning, Reykjavík.

*Góðgæti fyrir gæludýrin okkar.* (2012). Bjarkey Björnsdóttir.

Furðufuglar og fylgifiskar, Reykjavík.

Upplýsingar um hvaða dýr megi flytja til landsins og um einangrunarstöðvar dýra er að finna á slóð Matvælastofnunar ríkisins: <http://www.mast.is/inn-ogutflutningur/dyr/>

## Aukaverkefni

Nemendur geta farið á veraldarvefinn og fundið töflur um önnur dýr sambærilegar þeim sem eru í bókinni um aldur katta. Töflurnar er hægt að skoða til gamans og/eða nýta í ritun um eigið gæludýr. Nemendur geta líka unnið samvinnuverkefni þar sem aldur ólíkra dýra er borinn saman við mannár og allt haft hlið við hlið þannig að hægt sé að lesa auðveldlega úr töflunni. <http://visindavefur.is>

## Bangsi (bls. 11)

Sagan um köttinn Bangsa eftir Einar Kárason er úr bók hans *Mér er skemmt*. Bókin er í flokki skáldævisagna þar sem höfundur segir sögur úr eigin lífi. Einar hefur skrifað fjölmargar bækur af ýmsu tagi m.a. *Didda dojojong* og *Dúi dúgnaskítur* og *Litla systir og dvergarnir sjö*, sem eru sérstaklega ætlaðar börnum.

Í viðtali segir Einar m.a.: „Kettir eru hreinræktuð ljóðræna. Þeir eru póesía í mjúkum feldi; það er mjög skapandi athöfn að horfa á kött, sjá óræðan glampann í glyrnunum gulu; sá sem mun skilja hann skrifar þá bók á endanum sem gerir annað kvak óparft.“

Sjá nánar á: <http://www.islit.is/frettir/nr/1503>

Nánar um höfundinn má m.a. finna á:

<http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=d6e6aaa4-bffb-4480-88bb-5e7ac09b1230>

## Staldráðu við bls. 16

1. Sjá umfjöllun í inngangi um eigin orðabók og/eða orðabók bekkjarins.
2. Í töfluna geta nemendur blandað saman því sem stendur orðrétt í textanum og dregið saman það sem þeir lesa milli lína eða umorðað sem sitt eigið. Hegðun/eiginleikar og samband við aðra getur skarast og þá er að velja hvar nemendum finnst atriðið passa betur, þar er ekkert eitt endilega rétt.

Dæmi um lausn:

Útlit	eiginleikar/hegðun	samband við aðra
grár	blíður	aðhyllist sitt heimafolk
hálfloðinn	fjörugur	kemur mismunandi fram við fólk
bangsalegur	skemmtilegur	slæst við þann sem segir söguna
	frábær	yfist ekki við kvenfólkið á heimilinu
	foringi meðal bræðra	úfinn og byrstur við ketti sem fara inn á hans svæði
	tortrygginn á þá sem hann þekkir ekki	rekur aðra ketti úr sínum garði og garði nágrannans
	getur dregið sig í hlé	gerir mannamun
	trygglyndur	vinur vina sinna
	minnugur	þekkir aftur þá sem hann hefur ekki séð lengi
	finnst ekki gaman í bíl	fékk að hafa rennandi vatn hjá tengdamömmunni
	finnst ís góður	vakti tengdapabba á nóttunni til að fá ís

3. Hér á eftir er viðeigandi texti úr sögunni um hundinn í næsta húsi. Nemendur eiga sjálfir að finna eigið svar með því að lesa aftur yfir textann eða rifja upp það sem þeir lásu eða hlýddu á.

*Annað hús er fast við okkar og fyrir framan það er líka garðhola, aðeins limgerði á milli; segja má að þetta sé sama lóðin. Og Bangsi rekur allt kvikt úr þeim garði líka, annaðhvort væri nú. Um hríð bjó hundur í hinu húsinu og hann var oft úti í garði hjá sér, í tjóðurbandi svo hann færi ekki langt. Og hundurinn var líka heimaríkur eins og við er að búast. En það var eins og bæði hann og Bangsi áttuðu sig á því að þeir gætu ekki amast hvor við öðrum; á milli þeirra yrði í það minnsta að ríkja vopnaður friður, og þeir tóku það til bragðs að þykjast ekki sjá hvor annan. Horfðu markvisst hvor í sína áttina þótt þeir væru á sama blettinum.*

4. Lykilsetningar sem lýsa atlati Bangsa í pössuninni eru undirstrikaðar.

*En smám saman vandist hann og fór að treysta fólkinu á bænum, enda fékk hann þar konunglega umönnun og þjónustu. Hann fékk að sitja til borðs með þeim hinum; stálpaður dóttursonur kom yfirleitt til þeirra í hádegismat og Bangsi sat þá á kistli við borðið og þangað var laumað til hans bitum. Tengdamamma er nákvæm með sitt heimili eins og algengt er, hefur aldrei líkað til dæmis við leka úr krana, en af því Bangsi vildi hafa aðgang að fersku rennandi vatni þegar honum sýndist var lítil buna höfð í baðkarinu allt þetta ár. Og Bangsi komst upp með að vekja tengdapabba alltaf upp á nóttum til að láta hann gefa sér góðgæti; þeir fóru fram í eldhús og þar var alltaf til ís handa Bangsa, og ísnum var ekkert skellt á einhverja skál heldur fékk kötturinn að sleikja hann af fingrum því eins og tengdapabbi útskýrði; honum finnst ísinn bestur svona hálfbráðnaður.*

5. Bangsi þekkir sitt fyrra heimili:

*Hann horfði spenntur í kringum sig, en svo sá ég að það kom blik í augu hans, hann horfði í kringum sig eins og hann tryði ekki alveg því sem var að gerast, gekk svo að sófanum í stofunni og þefaði af honum, nuddaði sér svo vandlega utan í hann og fór að mala. Og svona gekk hann um allt í meira en sólarhring, tímdi ekki einu sinni að sofa, nuddaði sér malandi utan í allt sem fyrir varð og hann þekkti aftur. Aldrei hefur neinn verið jafn glaður að komast heim.*

6. Mismunandi svör.

7. Hafa nemendur séð hund og kött rífast eða stríða hvor öðrum?

Ætli orðatiltækið sé komið til vegna þannig aðstæðna?

Muna nemendur eftir einhverjum öðrum orðtökum sem hafa skírskotun í atburði úr raunveruleikanum? Dæmi: Barnið vex en brókin ekki.

Í bók Sölva Sveinssonar Íslensk orðtök er fjallað um merkingu og uppruna orðataka.

### Meira um málshætti og orðtök:

[http://www.nams.is/dagsins/dag\\_isl\\_tung/dagurisl tungu\\_2010.pdf](http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/dagurisl tungu_2010.pdf)

<https://www.ms.is/Isenska/Isenskuatak/Um-malshaetti-og-ordtok/>

<https://www.ms.is/Isenska/Isenskuatak/Listi-yfir-ordtokordatiltaeki/>

<https://www.ms.is/Isenska/Isenskuatak/Listi-yfir-malshaetti/>



Að rífast eða deila:

- Skerst í odda með einhverjum.
- Fara í bál.
- Fara í bál og brand. (Brand er bruni á dönsku!)
- Blása að kolunum eða að skara að kolunum, merkir að æsa einhvern upp.

Að allt fari í vitleysu:

- Allt fer í handaskól.
- Allt fer upp í loft.

Að æsa einhvern upp:

- Að skvetta/stökkva vatni á gæs.
- Að hella olíu á eldinn.

Orðtök og málshættir þar sem köttur/kettir koma við sögu:

- Að fara eins og köttur í kringum heitan graut.
- Að kaupa köttinn í sekknum.
- Eitthvað er varla/ekki upp nös á ketti.
- Það er kominn köttur í ból bjarnar.
- Í myrkri eru allir kettir eins á lit.
- Þegar kötturinn fer að heiman fara mýsnar á kreik.

8. Hjá Dýralæknafélagi Íslands er vísað til dýralækna og á þeirra vefsíðum er að finna margvíslegan fróðleik um algengustu gæludýrin og upplýsingar, t.a.m. um hvað þarf að hafa í huga við val á gæludýri, hvernig á að skoða dýrið, um fæðuna, bólusetningar svo eitthvað sé nefnt: <http://www.dyr.is/?c=webpage&id=71&lid=133&option=links>

8. Mismunandi svör.

9. Áður en hafist er handa við að skrifa er hægt að gera sameiginlegan lista yfir orð sem lýsa útliti og eiginleikum algengustu gæludýra. Nemendur geta nýtt orð úr sameiginlegum potti til þess að gera sinn eigin lista. Þetta hjálpar þeim að byrja og úr verður litríkari frásögn. Hér er hugtakakort sem hægt er að prenta út. .

[http://vefir.nams.is/klb/raudkapa\\_verkefni.pdf](http://vefir.nams.is/klb/raudkapa_verkefni.pdf)



## Braggalíf (bls. 17)

Braggar eða bogahús eru reist enn þann dag í dag og þá sem skemmur, verkstæði eða geymslur fyrir verkfæri, vélar eða farartæki og jafnvel fyrir kindur.

Í sveitum landsins eru víða braggar sem ennþá eru nýttir og á Reykjavíkurlflugvelli er flugstöðin sjálf braggar sem hafa verið sameinaðir og byggt við.

Gróðurhús hafa mjög oft sama bogadregna byggingarlagið eins og braggar.

Nokkuð er um hús með þak sem minnir á bragga, þetta eru oft nýleg hús þar sem arkitektar leika sér með form og e.t.v. meðvitað til að líkja eftir bragga. Benda má á Ráðhús Reykjavíkur í því sambandi. <http://reykjavik.is/stadir/radhus-reykjavikur>

- Eru braggar í þínu umhverfi?
- Hvenær voru þeir byggðir eða fluttir þangað sem þeir eru?
- Eru þeir notaðir enn þá og þá fyrir hvað?

Á vísindaefnum er mynd af heillegustu braggabyggðinni sem eftir er á Íslandi:

<http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=4609>

**Hvorki vol né væl á mínum heimabletti** er úr *Sögunni um Bíbí Ólafsdóttur* sem Vigdís Grímsdóttir skráði (bls. 18)

Örlítið um Bíbí Ólafsdóttur og annar kafli úr sögunni: [http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3397/5787\\_read-1262/categories-2070,1995/rskra-123/](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3397/5787_read-1262/categories-2070,1995/rskra-123/)

### Staldráðu við bls. 19

**1.–4.** Mismunandi svör en hér eru nokkrar tillögur:

*Stelpa Bíbí býr í braggahverfi (Múlakampi) sem er sagður smánarblettur Reykjavíkur.*

*Fólkið sem býr þar er kallað skrill, auk ýmissa annarra skrautyrða.*

*Hún býr í bragga sem heitir Björk.*

*Raflínur liggja þvers og kruss yfir braggana.*

*Skurðirnir eru fullir af drasli.*

*Eldhætta.*

*Texfýla (lykt af plötunum sem voru notaðar í klæðningar í húsum/bröggum), fúkki, drulluslabbi, sóðaskapur, fyllirí.*

*Henni leiðist ekki.*

*Aldrei lognmolla í Múlakampi sem er fullur af lífi og óvæntum atvikum.*

*Hún finnur hvorki fyrir eynd né volæði því hún hefur ímyndunarafl og gerir ævintýraheim úr umhverfi sínu, sbr. raflínur eru köngulær, draslið í skurðunum eru drekar, margt í umhverfinu sem minnir á dýr sem veita vernd og umhyggju.*

Lykilmálgreinar um viðhorf og skoðun sem hægt er að nýta í umræðu með nemendum:

*Mennirnir þurfa alltaf eitthvað og einhverja, helst náunga sinn, til að hamast á og hæðast að.*

*En mér er satt að segja sama hvað öðrum finnst því fyrir mér er lífið ævintýri og leikur.*

Í textanum er orðið skríll notað.

- Er þetta orð sem nemendur kannast við?
- Merkir orðið í þeirra huga það sama og það gerir í kaflanum?
- Ef ekki, hvaða orð væri notað í staðinn?

Önnur orð sem hafa svipaða eða sambærilega merkingu samkvæmt samheitaorðabókinni eru: dreggjjar þjóðfélagsins, hyski, lýður, múgur, óþjóð, óþjóðalýður, [skríll,] ruslaralýður, trantalarlýður og úrhak. Þegar flett er upp á orðinu hyski bætast við orðin dót, illþýði, misindisfólk, þakk, rakkapakk, slekti og þý sem heimilisfólk eða skyldulið.

Hugsunin er að velta fyrir sér sambærilegum orðum hvort sem þau eru notuð í dag eða eru gamaldags. Hægt er að leiða umræðuna yfir í orð sem eru gildishlaðin og búa yfir fordómum. Í framhaldi er hægt að velta því fyrir sér hvernig orð breytast eftir því hvernig þau eru notuð og í hvaða samhengi þau eru sett.

Nærtækt dæmi er orðið hommi sem oft er notað í niðrandi merkingu eða sem uppnefni. Mörgum finnst ekkert tiltökumál að nota orðið mjög frjállega og segjast ekkert meina neitt neikvætt með því. Öðrum finnst það særandi.

Velta upp fleiri orðum sem merkja eitt en eru notuð á annan hátt við ákveðnar aðstæður, oft til að vekja viðbrögð hvort sem þau eru neikvæð eða jákvæð. Fá nemendur til að velta þessum orðum fyrir sér og koma með uppástungur.

Dæmi: drullusokkur, engill, fáviti, rúsína, rassgat, gimsteinn, asni, krútt, kleina, o.s.frv.

Nemendur geta líka flokkað orðin sem koma fram í jákvæð og neikvæð.

5. Í *Hugfinni, handbók um bókmenntahugtök* er hægt að lesa nánar um líkingar (bls. 46) og myndhverfingu og myndmál (bls. 54).

Til að undirbúa nemendur er tilvalið að skoða nokkur ljóð úr *Ljóðsporunum* og rýna í það með nemendum hvernig hægt er að orða umhverfislýsingar á hugmyndaríkan og myndrænan hátt. Hér eru nokkur dæmi úr *Ljóðsporunum*:

- Leikfang eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson, bls. 66
- Aría eftir Gylfa Gröndal, bls. 92
- Í London eftir Ingólf Sveinsson, bls. 95
- bjartsýni eftir Ólaf Hauk Símonarson, bls. 149
- Haust eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur, bls. 130
- Geimflaugar eftir Hannes Pétursson, bls. 81
- Dvöl í stórborg eftir Dag Sigurðarson, bls. 94
- Ágúst 1984 eftir Einar Ólafsson, bls. 95

## Aukaverkefni

Eftirfarandi kafli úr sögunni af Bibí er mjög myndrænn og vel hægt að sjá hann fyrir sér í myndasögu. Nemendur geta spreytt sig á því að leika þetta atvik eða teikna það.

Mér leiðist ekki í Múlakampi. Hann er fullur af lífi og spennu, óvæntum atvikum og uppákomum jafnt á nóttu sem degi. Það er óhætt að segja að þar sé aldrei nein lognmolla, við krakkarnir getum alltaf fundið eitthvað krassandi að gera.

Hvað er líka skemmtilegra en að troða sér ofan í réttu öskutunnuna á bak við Múlakaffi og bíða svo spennt eftir að kallinn sem stelur hangikjötsrúllunum komi með þær og leggi í tunnuna sína; láta hann þá verða sín varan, rymja og stynja og hvísla ofan í tunnunni: „Takk kærlega fyrir, ég var einmitt að vonast eftir rúllu.“ Heyra svo í kallinum hlaupa æpandi í burtu. Ekki er heldur verra að vita að þegar maður segir frá þessu heima ætla allir að springa úr hlátri, mikið sem stelpan er góður leikari.

## Tapað–fundið (bls. 20)

Mat á því hvað er verðmætt og hvað ekki er ólíkt manna á milli og einnig frá hverjum tíma til annars. Þetta kemur skýrt fram í gömlu auglýsingunni um blýantinn sem tapaðist á Barónsstíg, húfunni og útprjónaða vettlingnum (ath. að þetta eru raunverulegar auglýsingar úr gömlum dagblöðum).

Aldur getur líka skipt máli í sambandi við verðmætamat.

- Hvað finnst nemendum verðmætt af því sem þeir eiga?
- Eftir hverju myndu þeir auglýsa ef þeir týndu einhverju, og hverju ekki?

Á hverju ári hlaðast upp í skólum föt, skór og hlutir sem ekki komast til skila. Væri hægt að setja upp auglýsingatöflu í skólanum þar sem nemendur og/eða foreldrar setja upp auglýsingu um það sem hefur týnst?

- Hvað á að gera við óskilamuni í skólanum?
- Áður en farið er af stað í að skrifa auglýsingu væri gott að skoða mismunandi auglýsingar um tapað fundið. Getur líka verið heimaverkefni.

Á ýmsum síðum á veraldarvefnum auglýsir fólk allt milli himins og jarðar. Þar eru til sérstakar síður fyrir tapað-fundið og smáauglýsingar um kaup og sölu.

## Aukaverkefni

Sérstök umræða og annað verkefni getur tengst því hvernig auglýsingar standast tímans tönn.

Gamlar auglýsingar:

<http://timarit.is/>

<http://tivi.is/mynd/?v=1810>

<https://www.facebook.com/oldicelandicads>

[http://www.alltumflug.is/flugfrettir/4761/Gamlar\\_augl%C3%BDsingar\\_fr%C3%A1\\_%C3%ADslenskum\\_flugf%C3%A9l%C3%B6gum](http://www.alltumflug.is/flugfrettir/4761/Gamlar_augl%C3%BDsingar_fr%C3%A1_%C3%ADslenskum_flugf%C3%A9l%C3%B6gum)

**Gleraugin** úr bókinni *Indjóninn*: skálduð ævisaga eftir Jón Gnarr (bls. 21) Hafa nemendur reynslu af því að sjá skýrar með glerauginum, með stækkunargleri eða í sjónauka?

Reyna að fá nemendur til að ímynda sér hvernig það er að hafa ekki séð skýrt en fá svo sjón. Mjög sennilega fara margir alla leið og ímynda sér hvernig það er að vera blindur og fá síðan sjón. Til að hjálpa nemendum af stað er hægt að hafa sameiginlegt hugflæði um orð og hugmyndir til að gera verkefnið aðgengilegra, dæmi:

- útlínur verða skýrari, skarpir drættir ...
- litir verða skærari, hreinni, bjartari ...
- það rennur ekki allt saman ...

Á vísindavefnum eru ýmsar áhugaverðar greinar um sjónina:

Erfist sjón frá foreldrum til barna? <http://visindavefur.is/svar.php?id=6106>

Hvernig sjá hundar? <http://visindavefur.is/svar.php?id=2612>

Hvernig sjá kettir? <http://visindavefur.is/svar.php?id=2520>

Hvaða dýr sjá liti rétt? <http://visindavefur.is/svar.asp?id=626>

Sjónblekkingu og skynvillu er hægt að lesa um á eftirfarandi vefslóðum. Þar eru myndir sem gaman er að leyfa nemendum að stara á og sjá annað en virðist í fyrstu:

Hvernig verkar þessi skynvilla? <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5427>

Hvað er sjónblekking? <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5458>

### Aukaverkefni:

Að hanna gleraugu. Hvað þarf að hafa í huga við hönnunina?

Hér getur kennari sett verkefnið upp líkt og þegar um hugmynd í Nýsköpunarkeppnina er að ræða. Nemendur þurfa að teikna skýringarmynd af glerauginum og útskýra t.d. hvaða efni og áferð þau vilja nota við gerð þeirra.

Hér eru einnig nokkrar spurningar sem gott er að hafa í huga:

- Hver á að nota gleraugin?
- Á að nota gleraugin við ákveðið tilefni?
- Hvernig eiga þau að vera í laginu? Form og stærð.
- Hvaða efni á að vera í þeim?
- Eiga þau að vera létt eða þung?

Meiri fróðleikur um þann sem fann upp gleraugin.

<https://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=1249>

## Júnídagur Ingibjörg Haraldsdóttir (bls. 22)

Að skrifa stutta sögu um atburði ljóðsins er í raun endursögn.

Spurningar til að ræða áður en hafist er handa og geta hjálpað nemendum til að fylla inn í söguna/endursögnina:

Hvernig er kötturinn?

- Kann að fara hljóðlaust um.
- Veiðiköttur veiðir fugla sem syngja og finnst þeir góðir (safaríkir). Höfundur líkir kettinum við tígrisdýr.

Högni eða læða?

- Fá nemendur til að skoða ljóðið með það í huga hvort kötturinn sé högni eða læða.
- Það kemur fram að þetta er læða því kötturinn skimar lymskufull en ekki lymskufullur.
- Hún lygnir aftur augum, stolt og grimm.

Hvernig er umhorfs í garðinum?

- Gras (stendur grafkyrr í grasinu).
- Þéttur gróður (hverfur í þéttan gróður).
- Tré (sbr. söngfuglaskógur).

Hvernig er líf kattarins á veturna?

- Dagarnir eru langir.
- Þá er hann inni (innilíf).
- Fær kattarmat.

### Bækur til að hafa í stofu og ítarefni:

- Eggert Þór Bernharðsson. 2000. *Undir bárujárnsboga, braggalíf í Reykjavík 1940–1970*. JPV útgáfa, Reykjavík. (Eða glæný útgáfa með viðauka frá 2013.)
- Einar Kárason. 2010. „Bangsi“. Mér er skemmt. Skáldævisögur. Mál og menning, Reykjavík.
- Guðrún Helgadóttir. 1976. *Í afahúsi*. Iðunn, Reykjavík.
- Jón Gnarr. 2006. *Indjóninn: skálduð ævisaga*. Mál og menning, Reykjavík.
- Vigdís Grímsdóttir. 2007. *Sagan um Bíbí Ólafsdóttur*. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Ingibjörg Haraldsdóttir. 2002. *Hvar sem ég verð*. Mál og menning, Reykjavík.

## 2. kafli – Á flakki

Viðmið verkefna kaflans er að nemendur fái m.a. tækifæri til að efla hæfni sína í:  
lestri og lesskilningi með því að lesa mislanga texta og ræða um þá

- að finna lýsingarorð og nýta sér þau í eigin ritun
- að skrifa póstkort
- að koma auga á einkenni örsagna og skrifa eigin örsögu
- að leita upplýsinga á netinu
- að túlka með leikrænni tjáningu
- að finna líkingar í ljóði og tákni

### **Hodja kemur til Pettó** úr bókinni *Hodja og töfrateppið* eftir Ole Lund Kirkegaard (bls. 23)

Danski rithöfundurinn Ole Lund Kirkegaard fæddist í Árósum árið 1940 og lést árið 1979. Hann var kennari og skrifaði fjölmargar barnabækur sem hafa orðið vinsælar víða um heim.

Nokkrar bækur sem þýddar hafa verið á íslensku eftir Ole Lund Kirkegaard:

- Gúmmí Tarzan
- Flóðhestur á heimilinu
- Fróði og hinir gríslingarnir
- Ottó nashyrningur
- Anton og Arnaldur flytja í bæinn
- Anton og Arnaldur í villta vestrinu
- Albert

Á meðan þú lest söguna:

Frásögnin af Hodja er litrík og listinn verður örugglega langur. Hægt er að hugsa sér að skipta kaflanum niður og nemendur eða nemendahópur fái afmarkaðan hluta úr kaflanum. Listunum öllum er síðan skeytt saman og hann jafnvel hengdur upp á vegg í skólastofunni.

#### **Staldráðu við bls. 29**

1. Áður en nemendur lesa aftur yfir söguna og staldráðu við það sem Hodja hugsar þá er kjörið að ræða um frásagnarhátt sögunnar. Sögumaðurinn í Hodja og töfrateppinu takmarkar vitneskju sína og tekur sér stöðu við hlið Hodja og lýsir atburðum frá sjónarhorni hans. Öðrum persónum lýsir hann utan frá, segir t.d. hvað þær segja og gera, t.a.m. konunni sem vænir Hodja um að hafa stolið teppinu.

Listi yfir það sem Hodja hugsar beint. Óbeint hugsar hann ýmislegt og þeir nemendur sem geta lesið í gegnum línurnar finna örugglega fleiri atriði.

- Heimurinn er það stærsta sem til er, hugsaði Hodja. Hún mamma verður glöð þegar ég segi henni frá öllu því sem ég hef séð.

- Váá, hugsaði Hodja lafmóður. Hvar ætli ég lendi eiginlega?
- Úff, hugsaði Hodja. Þetta er svei mér hættuleg borg. En nú ætla ég að ná mér í matarbita því að maginn í mér er galtómur.
- Ó, hugsaði Hodja, mikið óskaplega er ég þyrstur.
- En þá datt honum allt í einu nokkuð í hug.
- Úff, hugsaði Hodja þegar hann stansaði loksins til að blása mæðinni. Næst verð ég að gæta mín betur.
- Aha, hugsaði Hodja. Þarna lék ég á þau

Hægt er að auka við þetta verkefni og biðja nemendur að segja frá því hvað er að gerast í sögunni þegar Hodja hugsar þetta eða hitt. Þannig fæst samhengi í söguna og lesskilningur þjálfast.

#### Lýsingarorð

Í kaflanum er gnottt lýsingarorða. Til að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þeirra væri hægt að láta þá taka öll lýsingarorðin út. Lesa textann án þeirra og skoða muninn.


#### 2. Að skrifa póstkort (bls. 30)

Með tilkomu samskiptamiðla og tæknilegri síma eru póstkortaskrif á undanhaldi. Sá skemmtilegi siður að skrifa á póstkort og senda til fjölskyldu og vina á samt eflaust eftir að lifa áfram. Á ferðamannstöðum um allan heim eru póstkort ennþá áberandi í minjagripaverslunum og á torgsölum.

Margir krakkar hafa aldrei skrifað á póstkort og því þarf að fara vel yfir leiðbeiningar á sýnishorninu, hvar nafn og heimilisfang er staðsett og hvar textinn kemur. Eins sjálfsagt og okkur kann að þykja þetta þá er það ekki alveg svo fyrir nemendur sem eru að gera þetta í fyrsta skipti.

#### Aukaverkefni:

Nemendur senda póstkort til ættingja eða vina. Þeir geta jafnvel sjálfir búið til póstkort, teiknað eða klippt myndir úr auglýsingabæklingum og límt á þykkt blað.

- 
3. Nemendur geta í sameiningu gert nákvæma mynd af Pettó. Myndræn vinna á viðfangsefninu skerpir skilning, skapar ánægju og afraksturinn getur orðið skemmtilegt myndverk sem hægt er hengja upp í kennslustofunni.

- 
4. Hér getur kennari stýrt umræðum um ferðalög og framandi staði sem nemendur hafa heimsótt.

Mikilvægt að gera ferðalögum innanlands og til útlanda jafn hátt undir höfði. Umræðurnar geta orðið kveikja að sögugerð hjá nemendum. Einnig geta nemendur undirbúið frásögn af eftirminnilegri ferð. Sú frásögn getur allt eins verið sundferð, fjöruferð eða búðarferð eins og ferð til útlanda, í sumarbústað eða annað.





Nemendur setja nokkra punkta á blað, þ.e. skrifa ekki samfellda frásögn.

Segja síðan frá í samfelldu máli með því að hafa punktana fyrir framan sig.

Þetta getur reynt töluvert á nemendum sem eru vanir að hafa allt skrifað niður sem á að flytja.

Kennari metur síðan í hverju tilviki hvað hægt er að leggja á nemendum. Sumir verða að hafa allt skrifað niður til flutnings en öðrum finnst gott að hafa frjálssar hendur til að tjá sig í kringum ákveðna punkta.

Kennari getur gefið nemendum nokkur dæmi um setningar með og án lýsingarorða til að þeir átti sig á muninum.

**5. Að vera hafður fyrir rangri sök.**

Konan sagði að börn ættu ekki svona teppi og hrifsaði það af Hodja. Hún kom illa fram við hann og sakaði um stuld. Hægt er að ræða þetta út frá mörgum hliðum og umræðan getur farið um víðan völl með ólíkum reynslusögum nemenda. Til að hafa sem besta stjórn á umræðunni myndi bekkjarfundur henta vel.

- Hægt er að styðjast við eftirfarandi spurningar á bekkjarfundinum:
- Hefur þú komið illa fram við aðra?
- Hafa aðrir komið illa fram við þig?
- Hvernig leið þér?
- Hvað gerðir þú?
- Hvaða ráð hefur þú ef slíkt kemur fyrir?
- Hefur það hent þig að þér sé ekki trúað?
- Hvernig tilfinning var það?
- Hvað gerðir þú?

**6. Eftir umræðu um litla skuggann í stóru brúnu skikkjunni væri hægt að undirbúa örleikrit. Nemendur vinna tveir til þrír saman og fá afmarkaðan tíma til að undirbúa sig og flytja sitt örleikrit fyrir bekkinn.**

**7. Nemendur hafa yfirlétt mjög gaman af því að skrifa framhald sögu eða skapa ný endalok. Oft er farið vítt og breitt og stundum verða sögurnar fjarstæðukenndar. Mikilvægt er að leyfa ímyndunarafli nemenda að njóta sín.**

Kennari getur valið að hafa verkefnið þannig að nemendur eigi að vísa í það sem þegar hefur komið fram. Hægt er að gera þá kröfu t.d. að eitt eða tvö atriði þurfi að vera með í framhaldinu sem vísa á einhvern hátt í það sem þegar hefur gerst í sögunni.

Í sögulokum er oft dregið saman í einni eða fáum málsgreinum það sem þegar hefur gerst í sögunni. Einnig geta nemendur látið söguna hafa opinn endi sem býður upp á enn fleiri ritunarmöguleika. Þannig væri hægt að spinna áfram með söguna eftir því sem nemendur hafa tíma og þrek til.

Lengd sögunnar ætti ekki að vera bundin við ákveðinn blaðsíðufjölda eða slög.

Nemendur eru misjafnir og stuttar sögur geta verið allt eins góðar og langar.

## Sólkerfið okkar – (bls. 31)

Ýmislegt um sólkerfið: <http://www.stjornuframedi.is/>

### Fjallganga — Gyrðir Elíasson (bls. 32)

#### Staldráðu við bls. 32

1. Ef nemendur geta ekki sagt frá draumi er í staðinn hægt að móta dagdraum í örsögu.
2. Í bókinni *Hugfinnur, handbók um bókmenntahugtök* eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur er á bls. 94 ítarlegri skýring á örsögu en er í lestrarbókinni.

Ennfremur er hægt að skoða glærur þar sem örsögur eru útskýrðar: [vefir.nams.is/malbjorg/ppt/um\\_orsogur.ppt](http://vefir.nams.is/malbjorg/ppt/um_orsogur.ppt)

Til að gefa nemendum dæmi um örsögur og skerpa sýn þeirra á hugtakinu eru hér nokkrar bækur sem hægt er að velja nokkrar sögur úr og lesa upp fyrir nemendur, eða að nemendur lesi sjálfir.

*Truflanir í Vetrarbrautinni*, *Vegurinn til Hólmavíkur* og fleiri bækur Óskars Árna Óskarssonar. Í bókunum *90 sýni úr minni mínu* eftir Halldóru Kristínu Thoroddsen og bókum Elísabetar Jökulsdóttur, *Lúðrasveit Ellu Stínu* og *Fótboltasögur* eru margar sögur sem henta þessum aldri en aðrar sem henta alls ekki og því þarf að velja úr.

3. Louis Armstrong (04.08.1901– 06.07. 1971).

Bandarískur jazztónlistarmaður, trompetleikari og söngvari.

Tvö af vinsælustu lögnum sem hann flutti, *La vie en rose* og *What a wonderful world*

<http://www.youtube.com/watch?v=8IJzYAda1wA&list=TLUOhs03gZjzCagptSDSx7yrAOH-j23JME>

<http://www.youtube.com/watch?v=m5TwT69i1IU&list=TLUOhs03gZjzCagptSDSx7yrAOH-j23JME>

Lance Armstrong (18.09.1971–)

Bandarískur atvinnuhjólreiðamaður og vann Tour de France hjólreiðakeppnina 7 ár í röð frá 1999 til og með 2005. Missti titlana vegna lyfjamisnotkunar.

Svipmyndir af LA í Tour de France: <http://www.youtube.com/watch?v=XPS-ygfFWCM>

Lance Armstrong viðurkennir lyfjamisnotkunina: <http://www.youtube.com/watch?v=juVzHD7NEgk>

Neil Armstrong (05.08.1930–25.08.2012).

Bandarískur geimfari og flugmaður. Hann var fyrsti maðurinn til að stíga fæti á tunglið 20.07.1969.

Um Apollo 11 leiðangurinn: <http://www.stjornuframedi.is/solkerfid/geimferdir/apollo-11>

## Litli prinsinn – (bls. 33)

Bókin um Litla prinsinn er eftir Antoine de Saint-Exupéry sem var franskur flugmaður og rithöfundur. Bókin kom út árið 1943 en ári síðar hvarf Saint-Exupéry þegar hann var í könnunarflugi yfir Miðjarðarhafinu í seinni heimstyrjöldinni.

Sagan er bæði einföld og flókin, fyndin og alvarleg, raunsæ og óraunsæ. Hún vekur upp margar spurningar um hegðun okkar manna og viðhorf okkar til lífsins.

Í huga höfundar er vináttan mikilvæg. Fræg eru orð refsins þegar hann kveður Litla prinsinn og segir honum leyndarmálið sitt:

„Hér er leyndarmálið. Það er mjög einfalt: maður sér ekki vel nema með hjartanu. Það mikilvægasta er ósýnilegt augunum.“ (bls. 70 í útgáfu Máls og menningar frá 2010).

- Hvað felst í þessum orðum refsins?
- Hvað getur maður séð með hjartanu?

Kennarar geta haldið umræðum áfram með fleiri spurningum og/eða ritun þar sem nemendur ímynda sér líf á öðrum hnöttum. Spurningar sem geta hjálpað:

- Hvernig er umhorfs á hnettinum? (landslag, stærð, gróður, umhverfi, bæir ...)
- Hverjir búa á hnettinum? (hvernig verur og hvaða dýr ...)
- Hvað gera þeir sem lifa á hnettinum?
- Hvað er framleitt þar?
- Er hnötturinn sjálfbjarga? (er allt til staðar sem þarf til að líf þrífist ...)

## Um þéringar – (bls. 36)

Þetta verkefni er meira til gamans og stundum er þéring á leiksviði. Ágætt er fyrir nemendur að spreyta sig á þeim þó enginn geri ráð fyrir að þær verði teknar upp að nýju í íslensku tali:

**persóna:** ég, um mig, frá mér, til mín og við, um okkur, frá okkur, til okkar  
verður í þéringu: vér, um oss, frá oss, til oss.

**persóna:** þú, um þig, frá þér, til þín og þið, um ykkur, frá ykkur, til ykkar  
verður í þéringu: þér, um yður frá yður til yðar.

Á vísindavefnum segir m.a.:

Allt fram undir lok síðustu aldar tíðkaðist bæði í kaupstöðum og til sveita að tala til ókunnugra í þriðju persónu í kurteisisskyni. Þá var persónan ávörpuð beint og til dæmis sagt: „Má bjóða manningum/honum meira kaffi“ eða „Vill maðurinn/hann meira kaffi“. Þetta heyrir varla lengur.

Í Norðurlandamálum þekkjast þéringar vel þótt þær séu almennt á undanhaldi. Þær eru vel lifandi í þýsku og frönsku og fleiri Evrópumálum.

Mjög er ólíkt eftir málaættum hvernig kurteisisform eru táknuð. Japanar nota til dæmis til þess sérstök viðskeyti, fornöfn, orðasambönd og sérstakar sagnmyndir, Kínverjar nota einnig sérstakt kerfi fornafna og bæði for- og viðskeyti. Í indverskum málum eru notuð sérstök fornöfn og forskeyti. Enn önnur tungumál nýta sér sérstakar sagnir, nafnorð eða

jafnvel upphrópanir. Tungumál heimsins eru ótalmörg og ólík og er því ekki hér unnt að svara því hvort þau notist öll við einhvers konar „þéringar“. Gera má ráð fyrir að í flestum þeirra sé unnt að ávarpa yfirvaldið á sérstakan upphafinn hátt.

Meira um þéringar á <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=31816>

### Staldraðu við bls. 37

1. Samkvæmt sögunni er landfræðingur vísindamaður, sem veit hvar höfin, árnar, borgirnar, fjöllin og eyðimerkurnar eru. Hann flækist ekki um en tekur á móti landkönnuðunum og skráir frásagnir þeirra. Fyrst með blýanti en síðan með bleki þar til sannanir hafa verið lagðar fram. Landkönnuður sem segir ósatt, mundi valda vandræðum í landafræðibókum, því þarf að kanna siðferði hans.
2. Nemendur geta spreytt sig á að setja saman nokkur dæmi áður en þeir vinna samtalið milli Litla prinsins og landfræðingsins. Þeir sem þekkja söguna og ef kennari les með nemendum eða fyrir þá fleiri kafla úr bókinni geta nemendur valið samtal á milli Litla prinsins og annarra persóna sem koma við sögu. Þannig verður verkefnið fjölbreyttara, sérstaklega ef nemendur eiga að leika samtalið fyrir bekkinn.

Dæmi um þéringar:

Hvað varðar yður um það? Hvað kemur þér það við?

Vér erum sáttt á þessari plánetu. Við erum sáttt á þessari plánetu.

Ætlið þér að heimsækja oss? Ætlar þú að heimsækja okkur?

3. Umræðuna um heimprá er hægt að tengja lífsleikni, t.d. í sambandi við að gista á öðrum stað en heima hjá sér. Margir eiga erfitt með að gista annars staðar en heima hjá sér. Öðrum finnst það ekkert mál. Upplagt er að ræða hvað við erum ólík, það sem einum finnst auðvelt finnst öðrum erfitt. Við bregðumst mismunandi við nýjum aðstæðum þó við þekkjum að einhverju leyti til. Við ókunnar aðstæður er algengt að hræðsla eða óöryggi geri vart við sig. Það er eðlilegt og stundum þarf bara að fara rólega og gefa sér tíma til að kynnast nýjum aðstæðum til að öðlast öryggistilfinningu og líða vel.

### Aukaverkefni

Nemendur geta unnið saman í pörum eða litlum hópum og gert grein fyrir sínum hnetti. Hægt er að hugsa sér myndræna útfærslu, t.d. að nemendur geri landakort af hnettinum með skýringartáknum yfir hvað býr í landslaginu. Skoða landabréfabók og landakort til að sjá hvernig tákn eru og hvetja nemendur til að búa til sín eigin tákn fyrir það sem finnst á þeirra hnetti hvort sem þar eru vegir, bæir, fjöll, flugvellir, sundlaugar, eldfjöll, geimstöð, vitar o.s.fv.

Tilvalið er að flétta saman bókmenntir, ritun og sköpun við náttúrufræði og umhverfismennt. Skv. nýrri aðalnámskrá (2011/2013) læra nemendur á miðstigi um jörðina í alheiminum.

## Í berjamó Ingunn Snædal (bls. 38)

Með því að finna nýjan titil á ljóðið og ræða hvað breytist er átt við hvort viðhorf til ljóðsins breytist.

- Verður túlkunin önnur?
- Eru sömu tilfinningar sem vakna við lestur ljóðsins með nýja titlinum?
- Breytist boðskapurinn?

Hér eru nokkur dæmi sem hægt er að sýna nemendum svo þeir skilji betur hvað átt er við.

Eftirfarandi ljóð er eftir Ísak Harðarson og er fyrsta ljóðið í ljóðabókinni Stokkseyri.

*niður í fjöruna eru  
bara fjórar, og þá sérðu  
það blasa við,  
bláa óendanleg*

- Hvað sjá nemendur fyrir sér?
- Hvaða fjórar eru niður í fjöruna?
- Hvað blasir við?
- Hvaða titill passar við ljóðið?

Athuga hvaða svör koma upp og síðan segja nemendum frá því að titill ljóðsins er í raun Tröppurnar. Í framhaldi er hægt að ræða um það hvort og hvað breytist við mismunandi titla nemenda.

*Eins og blóm án blaða  
söngur án raddar  
skyggir dökkur fugl heiðríkjuna.  
Vorið, sem kom í gær,  
er aftur orðið að vetri.*

Þetta ljóð eftir Magnús Jóhannsson frá Hafnarnesi heitir Sorg.

Hvað ef ljóðið heitir Sumardagurinn fyrsti eða Kuldi?

*Föl á kinn  
kona í stígvélum  
einsog hermaður  
að loknu vetrarstríði  
hún ekur barni sínu  
undir skínandi regnboga  
og lambablómið kinkar kalli.*

Ljóðið er eftir Birgi Svan Símonarson og heitir Vor í plássinu.

Hvað ef ljóðið heitir Veikindi eða Fátækt?

Nemendur geta leikið sér á þennan hátt með fleiri ljóð sem þeir finna í *Ljóðsporurum* eða öðrum ljóðbókum og rætt hvað breytist og/eða hvort eitthvað breytist.

## Aukaverkefni

Ljóð Ingunnar er mjög stutt, einungis tvær línur. Það lýsir ákveðnu augnabliki í berjamó, ljóðmælanda finnst bersýnilega of mikið af flugum og sér ofaukið. Hvað gerist næst? Nemendur geta spreytt sig á því að bæta við ljóðið.

## Hringleikar Vilborg Dagbjartsdóttir (bls. 38)

Hér setur Vilborg fram spaugilega mynd af jörðinni sem er sirkustjald og af Guði sem er trúður. Hún notar myndhverfingu sem er ein tegund myndmáls. Í samanburðinum eru tveir ólíkir hlutir bornir saman án þess að nota hjálparorð.

- Jörðin er súperbolti.
- Heimurinn er sirkustjald.
- Guð er trúðurinn.

Hvort eru boltarnir sem Guð leikur með og missir venjulegir boltar eða ekki?

Fá nemendur til að ræða hugmyndir sínar um það.

Eru þetta kannski aðrir hnettir?

Ef svo er, hvað gerist ef trúðurinn stígur á strik og/eða missir bolta?

### Bækur til að hafa í stofu og ítarefni:

- De Saint-Exupéry, Antoine. 1983. *Litli prinsinn*. Þórarinn Björnsson íslenskaði. Menningarsjóður, Reykjavík eða Mál og menning 2010.
- Ingunn Snædal. 2008. *Í fjarveru trjáa*. Vegaljóð. Bjartur, Reykjavík.
- Kirkegaard, Ole Lund. 1980. *Hodja og töfrateppið*. Þorvaldur Kristinsson þýddi. Iðunn, Reykjavík. (eða nýrri útgáfa bókarinnar)
- Vilborg Dagbjartsdóttir. 2006. *Fugl og fiskur*. Ljóð og sögur handa börnum. JPV útgáfa, Reykjavík. Þórarinn Leifsson. 2013.
- *Síðustu dagar Gúmmi-Tarzans*: örlög danska barnabókahöfundarins Ole Lund Kirkegaard. Tímarit Máls og menningar.

## 3. kafli – Gustur og gjóla

Viðmið verkefna kaflans er að nemendur fái m.a. tækifæri til að efla hæfni sína í:  
lestri og lesskilningi með því að lesa mislanga texta og ræða um þá

- að uppgötva ný orð
- setja saman orð svo úr verði ný
- að flokka orð og hugtök í kerfi t.d. í hugtakakort
- að gera sér grein fyrir hvað þeir kunna, hvað þeir vilja vita
- að skrifa mismunandi textagerðir (annál, frétt, veðurlýsingu)
- að skoða myndmál í ljóðum

### Úr Halastjörnunni eftir Tove Jansson (bls. 40)

Tove Janson er frá Finnlandi (var sænskumælandi Finni), hún fæddist árið 1914 og dó árið 2011. Tove hóf feril sinn sem teiknimyndahöfundur strax á unglingsaldri. Hún kynnti múmínálfana til sögunnar árið 1945. Auk barnabóka gaf hún einnig út skáldsögur fyrir fullorðna, smásögur og endurminningar.

Meira er hægt að lesa um líf og æviverk höfundar á ýmsum vefsíðum: <http://mennta.hi.is/vefir/barnung/safn/hofundar/tove.htm>

Bækur sem þýddar hafa verið á íslensku:

- *Halastjarnan*
- *Pípuhattur galdrakarlans*
- *Vetrarundur í Múmíndal*
- *Örlaganóttin*
- *Eyjan hans Múmínþabba*
- *Ósýnilega barnið*

Auk fjölda myndabóka.

Í þessu sögubroti úr *Halastjörnunni* kynnumst við fjórum persónum úr múmínálfasögnum:

**Múmínsnáðinn** er sonur Múmínmömmu og Múmínþabba. Honum finnst margt spennandi en er sérlega áhugasamur um að safna skeljum og steinum. Hann elskar hafið eins og öll fjölskyldan. Múmínsnáðinn hefur áhyggjur af mörgu í umhverfi sínu og er viðkvæmur. Múmínfjölskyldan leggst í dvala á veturna eftir að hafa borðað mikið af barnállum. Bestu vinir Múmínsnáðans eru Snúður og Snorkstelpa.

**Snúður** er einfari og er stöðugt að velta fyrir sér hinu og þessu. Hann vill lifa einföldu lífi og eigur hans komast allar í bakpokann hans. Á sumrin býr Snúður í Múmíndal, hann velur sér stað við vatn fyrir tjaldið sitt og veiðir sér til matar. Á kvöldin spilar hann á munnhörpunna sína við eldinn sem hann kveikir. Hann er eins og farfuglarnir og fer suður á bóginn á veturna og kemur á vorin aftur í Múmíndal.

**Snabbi** er skræfa og hræddur við allt, en er mjög stoltur af því að hafa fundið Hellinn.

**Hemúllinn** er líkur múmínálfunum í útliti, aðeins stærri og grennri. Hinn eini sanni hemúll er með söfnunaræði. Hann byrjaði að safna jurtum, t.d. blómum þegar hann hafði safnað öllum frímerkjum heimsins. Fleiri hemúlar eru í bókunum, í *Vetrarundrum í Múmíndal* er til dæmis einn sem er mikið fyrir vetrarípróttir.

Teiknimyndin *Múmínálfarnir og halastjarnan* kom út árið 2010 er 75 mínútur að lengd og er hægt að nálgast með íslensku tali. Á youtube er hægt að finna hana í fullri lengd með ensku tali og finnsku tali með enskum texta.

Söguþráðurinn er svipaður og í bókinni.

Björk syngur lag við leiðangur félaganna í Múmíndal:

<http://www.youtube.com/watch?v=xlqGvu39muo>

Stiklan við myndina á ensku: <http://www.youtube.com/watch?v=uBSq15VC5nc>

### Hugtakakort eða KVL

Í staðinn fyrir að gera hugtakakort væri hægt að nota kennsluáðferðina KVL (kann, vil vita, hef lært). Með henni er forþekking kölluð fram sem er notuð til að hvetja nemendur til að afla sér meiri vitneskju um efnið, sú upplýsingaöflun ásamt forþekkingu tvinnast saman í lokin. Sjá nánar á vefslóðinni: <http://hagurbal.weebly.com/kvl.html>

### Staldraðu við bls. 48

1. Hægt er að bæta við hugtakakortið um eldgos jafnt og þétt. Eða skoða KVL kortið og bæta fróðleik við það eftir því sem verða vill. Þeir sem tækifæri hafa geta tengt verkefnið jarðvísindapættinum í náttúruvísindum, um myndun og mótun jarðar.
2. Í þessu verkefni væri hægt að huga að vatni almennt og orðum sem tengjast t.a.m. hljóðum í vatni. Vatnið; seytlar, skvettist, gusast, gutlar, drýpur, rennur, lekur, liðast, flæðir, fossar, frussast, hellist o.s.frv. Orð sem tengjast því að drekka vatn; að svolgra, teygja, dreypa á, þamba, súpa á, o.s.frv.

Orðin er hægt að nota síðar í ljóðagerð eða í sögur þar sem áherslan er að nota fjölbreyttan orðaforða.



Fjölmörg orðtök og margir málshættir tengjast vatni eða ám og væri hægt að tvinna það saman við.

- Að drepa/dýfa ekki hendinni í kalt vatn (reynsluleysi og/eða iðjuleysi).
- Að hafa aldrei migið í saltan sjó (reynsluleysi).
- Mér rennur kalt vatn milli skinns og hörunds (óhugur vegna einhvers).
- Þetta kemur allt með kalda vatninu (sýna bjartsýni og þolinmæði).
- Eins og að drekka vatn (eitthvað er mjög auðvelt).
- Að sækja vatnið yfir lækinn (hafa meira fyrir einhverju en nauðsynlegt er).
- Dropinn holar harðan stein (með þolinmæðinni tekst áætlunarverkið).
- Allar ár renna til sjávar (allt fer á ákveðinn hátt).
- Að fá vatn í munninn (tilhlökkun eftir mat, finnast eitthvað gjarnilegt).
- Að halda ekki vatni yfir einhverju (vera mjög hrifinn af einhverju).
- Það sér ekki högg á vatni (eitthvað virðist ekki minnka þótt af því sé tekið).
- Taka einhvern undir tvö vötn (að skamma einhvern rækilega).
- Að ausa einhvern vatni (skíra einhvern).
- Kasta af sér vatni (pissa).
- Ganga í vatnið (láta gabbast).
- Að vatna músum (að gráta, tárfa).
- Það er vatn á hans myllu (það er honum í hag).
- Olía og vatn blandast ekki (eitthvað er mjög ólíkt).
- Eitthvað svífur yfir vötnum (það liggur eitthvað í loftinu, er að fara að gerast).
- Að skvetta/stökkva vatni á gæs (æsa einhvern upp).
- Að lægja öldurnar (að stilla til friðar).
- Að vera á annarri öldu (að hafa aðra skoðun).

- 3.** Gott er að gefa nemendum ákveðinn ramma bæði fyrir leikþáttinn og sögulokin, t.d. um lengd. Einnig getur verið árangursríkt að hafa hugarflæði um hvað gæti hugsanlega gerst þannig að þeir sem eiga erfitt með að byrja fái hugmyndir úr sameiginlegum potti sem þeir geta notað ef þeir vilja.

Hvetja nemendur til að skapa eitthvað óvænt, jafnvel nýjar persónur sem koma við sögu.

Til að auðga stílinn væri gott að taka nokkur dæmi sameiginlega um myndmál.

Nota jafnvel hugtakakort nemenda um eldgos eða ána og skrifa nokkrar hugmyndir á töfluna. Orðtökin og málshættirnir geta einnig nýst.

Dæmi um myndmál:

- Eldglæringarnar frá eldgosinu voru eins og dreki að spúa eldi ...
- Stígurinn liðaðist upp fjallshlíðina eins og ormur sem ...
- Engar brýr voru yfir mjólkurhvíta ána og til að komst yfir þurfti að vaða eða stikla á steinum sem voru ...
- Í rökkrinu voru steinarnir einna líkastir tröllshöfði og þegar Snúður hoppaði frá einu höfði á annað þá heyrðist ...

## Jónas Hallgrímsson (bls.49)

Aðgengileg umfjöllun fyrir nemendur um ævi og verk Jónasar Hallgrímssonar er m.a. að finna á vef Námsgagnastofnunar í samantekt Ingólfs Steinssonar:

[http://www.nams.is/dagsins/dag\\_isl\\_tung/skald.pdf](http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/skald.pdf)

Hér er góður listi yfir mörg af nýyrðum Jónasar Hallgrímssonar:

[http://vefir.nams.is/klb/mer\\_er\\_i\\_mun/nyyrdiJH\\_mererimun.pdf](http://vefir.nams.is/klb/mer_er_i_mun/nyyrdiJH_mererimun.pdf)

Hvaða áhrif hafði Jónas Hallgrímsson á íslenska tungu og hvað gerði hann til að vernda hana? <https://visindavefur.hi.is/svar.php?id=6667>

## Að búa til ný orð:

Nemendur geta t.d. spreytt sig á nýyrðasmíð og hægt er að fara yfir þær fjórar aðferðir sem einkum eru notaðar í íslensku til að mynda ný orð.

1. Samsetning, þ.e. þegar tveimur eða fleiri orðum sem til eru í málinu er skeytt saman og úr verður nýtt orð. Tölvupóstur (tölva og póstur), bílskúr (bíll og skúr). Þetta er algengasta aðferðin.
2. Afleiðsla, þ.e. þegar viðskeytum er bætt við orð eða orðstofn og úr verður nýtt orð. Leikari (að leika og viðskeytið –ari), hugsun (stofn sagnarinnar að hugsa og viðskeytið –un). Einnig þegar sagnir verða nafnorð t.d. að þjóta verður þota. Sú aðferð er gömul í málinu og getur verið erfið.
3. Orð fær nýja merkingu.  
Gömul orð sem nánast hætt var að nota hafa fengið nýja merkingu, t.d. orðið sími sem merkti þráður í gömlu málfari. Orð sem eru í fullu gildi fá nýja merkingu og orð sem tengjast tölvum eru dæmi um það; mús, minni, gluggi og skjár.
4. Tökuorð sem aðlagast íslenskum beygingarhefðum, sbr. banani og kaffi.

Sjá einnig: [http://www.nams.is/dagsins/dag\\_isl\\_tung/hvernigmyndumvid.pdf](http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/hvernigmyndumvid.pdf)

Á framhlið nýja 10.000 króna seðlsins er að finna fjölmörg orð sem Jónas lagði til íslenskunnar. Orðin sjást reyndar mjög illa á myndinni en þetta er skemmtileg hugmynd hjá þeim sem teiknaði og hannaði seðilinn.

<http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/%C3%9Dmsar-skr%C3%A1r/nyyrdijonasarhallgrimssonar.pdf>

## Annáll (bls. 49)

Fréttaannáll ársins hefur fastan sess í sjónvarpi allra landsmanna á gamlársgang og endursýndur á nýársdag. Skaupið er einnig annáll sem settur er fram á gamansaman hátt að kvöldi gamlársgangs.

- Bekkurinn getur með aðstoð kennarans gert sameiginlegan annál yfir afmarkaðan tíma, t.d. viku, mánuð eða frá hausti ef ekki of langt er liðið á skólaárið. Þannig fæst yfirsýn og nemendum finnst þetta ekki ofvaxið.
- Kennari getur t.d. tekið dæmi af nemanda sem æfir íþrótt, þá hefur sá einstaklingur sennilega farið á æfingar og síðan spilað á einhverjum mótum. Þetta rakið í tímaröð væri annáll yfir ákveðið tímabil um æfinga- og keppnistímabil hans/hennar. Annar nemandi í tónlistarnámi getur talið upp ákveðin verk sem hann/hún hefur æft og síðan e.t.v. spilað á tónleikum. Það væri þá tónlistarannáll.

Í framhaldi eru nemendur hvattir til að gera sinn eigin annál yfir einn mánuð eða heilt ár. Þetta getur líka verið hluti af heimaverkefni þar sem fjölskyldan rifjar upp viðburði ársins eða ákveðins tímabils.

Kennari getur nefnt dæmi um hvað eigi að vera með í annáli, þó hann sé mjög persónubundinn og gott er að minna á að hugrenningar og skoðanir rúmast ekki í honum.

## Halstjarna Halleys (bls.50)

### Staldræðu við bls. 51

Mikilvægt er að nýta spurnarorðin fimm hvort sem nemandi velur verkefni 1 eða 2.

Áður en kemur að því að lýsa eða skrifa þarf ákveðinn undirbúningur að hafa átt sér stað. Gott er að byrja með umræðu. Nemendur hafa örugglega heyrt af furðulegum fyrirbærum sem þeir vilja segja frá og deila með hópnum. Einhverjir hafa jafnvel séð stjörnuhrap og/ eða norðurljós.

Hægt er að hugsa sér að nemendur fari á veraldarvefinn finni frétt eða umfjöllun um furðuleg fyrirbæri, velji eitt þeirra og segi frá því.

Ef nemendur vilja nota eigið ímyndunarafli og búa til sitt eigið fyrirbæri er það örugglega skemmtilegt og jafnvel hvetjandi fyrir aðra nemendur.

Þetta verkefni er tilvalið að gera þegar vetur er genginn í garð og ýmislegt hægt að sjá á heiðum himni á vetrarkvöldum. Hægt er að hvetja nemendur til að skoða himininn í nokkur kvöld eftir kvöldmat áður en þeir fara að sofa og gera athugun á því hvað þeir sjá, punkta niður hjá sér. Hvernig form sjá þeir, hvaða liti, hverju líkist það sem þeir sjá, o.s.frv.

Nemendur eiga oft auðveldara með að segja frá fremur en að skrifa um það sem er áþreifanlegt og það sem þeir hafa upplifað. Frásagnir af upplifun þeirra getur orðið uppspretta til að vekja ímyndunaraflið. Hugsanlega getur þetta orðið hvatning fyrir alla fjölskylduna að skoða kvöldhimininn og fylgjast með stjörnum og norðurljósum.

Á stjörnufræðivefnum: <http://www.stjornufraedi.is/> er ýmislegt fróðlegt að finna, m.a. ýmislegt um halastjörnur: <http://www.stjornufraedi.is/solkerfid/halastjornur>.

Geimurinn.is er stjörnufræðivefur fyrir krakka, hann er mjög aðgengilegur og textinn er aðlagður að yngri kynslóðinni: <http://www.geimurinn.is/solkerfid/halastjornur/>

Yfir 100 niðurstöður finnast ef slegið er inn furðuleg fyrirbæri á leitarskilyrði á stjörnufræðivefnum.

Gasstöðin við Hlemm var vígð 1910 en var rifinn árið 1970 og Lögreglustöðin byggð á sama stað.

## Gustur eða gjóla – Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og mat vindhraða (bls. 52–53)

Hér eru einfaldur kvarði sem hægt er að nota til að gefa nemendum ákveðna grind til að máta orðin í ljóðinu við ef taflan í bókinni reynist erfið. Þessi listi er huglægur og miðast við vindstyrk eða vindhraða í metrum á sekúndu (m/s).

Vindhraði í m/s	Lýsing
<5	Mjög hægur vindur
05–10	Fremur hægur vindur
10–20	Talsverður vindur
20–30	Mjög hvasst, fólk þarf að gá að sér
>30	Stórviðri, fólk ætti ekki að vera á ferli að nauðsynjalausu, hættulegt

Á vefnum [www.vedur.is](http://www.vedur.is) er tafla yfir vindhraða og útskýring á loftþrýstingi. Þar segir að þegar talað er um loftþrýsting í sambandi við dýpt lögða eða þrýsting í öðrum veðurkerfum er ætíð átt við þrýsting við sjávarmál. Lægsti þrýstingur við sjávarmál sem vitað er um hér á landi, og þar með dýpsta lögð sem komið hefur yfir Ísland síðan mælingar hófust, mældist á Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Sjá frétt: [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/10/09/onaedissom\\_nott\\_a\\_storhofda/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/10/09/onaedissom_nott_a_storhofda/)

Á slóðinni er þetta m.a. sagt um Stórhöfða: <http://www.heimaslod.is/index.php/St%C3%B3rh%C3%B6f%C3%B0i>

Á Stórhöfða er veðurstöð sem fræg er fyrir afleit veðurskilyrði, enda er stöðin sú vindasamasta á Íslandi og almennt talin ein sú vindasamasta í Evrópu. Veðurstöðin er í 120 m hæð yfir sjávarmáli og opin fyrir öllum vindáttum. Þar hefur vindur mælst allt að 130 hnútar, eða um 67 metrar á sekúndu, og ölduhæð hefur mælst allt að 30 metrar. Þá eru að meðaltali aðeins fjórir logndagar á ári á Stórhöfða.

Skilgreining á vindi er að það er loft á hreyfingu. Vindur verður ef loftþrýstingur er breytilegur frá einum stað til annars. Vindhraðinn er mismunandi og því er til staðlað kerfi til að lýsa honum. Nú er vindhraði mældur í m/sek en var áður mældur í vindstigum frá 0 og upp í 12. Þrettán ákveðin orð eru notuð yfir vindhraða hjá veðurstofunni, það fyrsta er logn 0 m/sek, andvari (0,8 m/sek.), kul (2,4 m/sek.), gola (4,3 m/sek.), stinningsgola (6,7 m/sek.), kaldi (9,3 m/sek.), stinningskaldi (12,3 m/sek.), allhvas vindur (15,5 m/sek.), hvasviðri (18,9 m/sek.), stormur (22,6 m/sek.), rok (26,4 m/sek.), ofsaveður (30,5 m/sek.), síðast er fárviðri (34,8 m/sek.).

Nánar um Beaufort-kvarðann er í bókinni. Sá kvarði miðaðist í upphafi við aðstæður á sjó:  
<http://is.wikipedia.org/wiki/Beaufort-kvar%C3%B0inn>

Vefslóðir sem gott er að styðjast við: [www.vedur.is](http://www.vedur.is) og [www.belgingur.is](http://www.belgingur.is)

Illugi Jökulsson skrifaði grein þegar fellibylurinn Sandy gekk yfir Bandaríkin og Kanada árið 2012 og gagnrýndi hann íslenska féttamenn fyrir að nota ekki nákvæm orð, hér er hægt að lesa greinina:

<http://blog.pressan.is/illugi/2012/10/30/sandy-er-ofsavedur-ekki-%E2%80%9Eofurstormur/>

### Aukaverkefni

Stundum er haft á orði að það sé ekki til neitt sem heitir vont veður heldur einungis óviðeigandi klæðnaður.

Finnst þér þetta rétt eða röng fullyrðing? Hvers vegna finnst þér það?

Þú skalt rökstyðja skoðun þína og koma með dæmi.

Það þarf oft að ítreka við nemendur að svara í heilum málsgreinum og að rökstyðja svar sitt. Gott er að fá umræður í gang, fá nemendur til að rökstyðja skoðun sína með dæmum og eigin reynslu. Ítreka að ekkert svar er rangt, sérstaklega ef rökstuðningur er fyrir hendi. Þannig er hægt að spinna saman rökræður og heimspeki við einfalda fullyrðingu.

## Ljóðaferðalag (bls. 54–55)

Ingólfsfjall eftir Sigurbjörgu Prastardóttur

[http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134\\_read-104/RSkra-104](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134_read-104/RSkra-104)

Kvöld á Patró eftir Steinunni Eyjólfsdóttur

Steinunn (1936), verkakona og rithöfundur, er ættuð úr Barðastrandasýslu og búsett á Patreksfirði. Hún hefur skrifað ótal sögur og ljóð bæði fyrir börn og fullorðna. Dýr hafa ætíð verið henni hugleikin og sögurnar *Kisulíf* ([http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageld=4949359](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=4949359)) og *Jólasveinakötturinn* eru ætlaðar börnum, sem og ljóðabókin *Silfurskottur* (1989).



Þórshöfn eftir Ingunni Snædal

[http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066\\_read-18712/](http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-18712/)



Titill ljóðanna á bls. 54–55 eru örnefni á landinu. Nemendur geta notað *Kortabókina* og flett upp í nafnaskránni aftast til að auðvelda leitina.



Staðirnir sem á að finna eru:

- Ingólfsfjall (móbergsfjall í Ölfusi, bæjarfjall Selfoss).
- Patreksfjörður (Patró) þorp í Vesturbyggð, samnefndur fjörður er sá syðsti á Vestfjörðum.
- Þórshöfn, þorp í Norður-Pingeyjarsýslu við Langanes.

Í bók Svanhildar Kr. Sverrisdóttur, *Hugfinnur – handbók um bókmenntahugtök* er gott yfirlit um myndmál á bls. 54 og persónugervingu á bls. 57.

Spurningar sem gott er að hafa í huga varðandi persónugervingu:

- Hvað fær líf?
- Hvernig fær það líf?

Einnig hægt að nálgast það út frá spurningunum:

- Hverju er lýst?
- Við hvað er því líkt?
- Hvað er sameiginlegt?

Til að hjálpa nemendum væri hægt að sýna þeim myndir úr náttúrunni. Saman getur hópurinn búið til nokkrar líkingar. Einnig væri hægt að ræða tröllamyndir í klettum til að auðvelda þeim verkefnið. Fyrir marga er erfitt að búa til sínar eigin líkingar, en æfingin skapar meistarann. Sumir þurfa að hafa ákveðinn ramma og gæti verið gott að hafa ákveðið þema í líkingunum eins og sælgætið í ljóðinu Ingólfsfjall. Nemendur sjálfir geta stungið upp á þema til að hafa í ljóðunum, síðan er hægt að hafa val ef margar góðar hugmyndir koma fram.

- Landslagi líkt við vatnsrennibrautargarð.
- Götumynd í þorpi líkt við hlaðborð í veislu.
- Gras og mosa líkt við fót eða ábreiður, s.s. sængurver, teppi o.fl.

Í *Ljóðsporunum* eru mörg ljóð með líkingum úr náttúrunni. Það hjálpar örugglega að lesa nokkur ljóð saman og kennari getur bent á líkingarnar til að sýna nemendum.

Tvö ljóð á bls. 69 eru t.a.m. með ólíkum líkingum:

Pétur Gunnarsson, Berfættir dagar

Gunnar Dal, Manstu ...

Fjaran getur verið fjölskrúðung sbr. ljóðið Þórshöfn á bls. 56.

Hvað hafa nemendur fundið í fjöru?

Ef aðstæður eru fyrir hendi er tilvalið að fara með hópinn í fjöruferð og skoða aðstæður, umhverfi og hvað þeir sjá af dýralífi og drasli í fjörunni.

Nemendur geta skráð það hjá sér og þegar komið er til baka er hægt að nýta það í ljóðagerð, sögur, orðaskjóður, málfræði o.s.frv.

Hvetja nemendur til að finna fleiri ljóð sem eru frá ákveðnum stöðum á landinu. Bekkurinn getur safnað ljóðum frá mismunandi stöðum og safnað saman á Íslandskort. Með því er komin tenging við landafræði Íslands.

### Staldraðu við bls. 56

1. Mismunandi svör
- 2.–3. Rekaviðurinn er frá skógum Síberíu og samkvæmt rannsóknum tekur ferðalagið um 4 til 5 ár. Það þýðir að drumbarnir fara 400 til 1000 km á ári.  
<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=4102>

4. Hvað er grásleppa?  
Grásleppa er fiskur. <http://www1.nams.is/hafid/dyr.php?val=3&id=16>  
Hrognkelsi er samheiti yfir grásleppu og rauðmaga.  
Grásleppa er hrygnan eða kvenkyns hrognkelsi og hængurinn eða karlinn heitir rauðmagi. Margir halda að um tvær tegundir sé að ræða en þetta er sami fiskurinn og heitir einu nafni hrognkelsi.  
Myndband um hrognkelsi:  
[http://www1.nams.is/hafid/myndbond\\_tegund1.php?id=1&pn=1](http://www1.nams.is/hafid/myndbond_tegund1.php?id=1&pn=1)

### Bækur til að hafa í stofunni og ítarefni:

- Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson. 2009. *Segðu mér og segðu ...* Dimma, Reykjavík.
- Árni Hjartarson. 1985. *Halastjarna Halleys í íslenskum heimildum*. Týli 15. árg. 1–2 hefti.
- Einar Sveinbjörnsson og Helgi Grímsson. 2008. *Blikur á lofti – þemahefti*. Námsgagnastofnun, Kópavogur.
- Ingunn Snædal. 2008. *Í fjarveru trjáa*. Vegaljóð. Bjartur, Reykjavík
- Jansson, Tove. 1971. *Halastjarnan*. Steinunn S. Briem þýddi. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- *Ljóðspor*. 1997. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- *Vísindabókin*. 2004. Íslensk þýðing Ari Trausti Guðmundsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Sigurbjörg Þrastardóttir. 2000. *Hnattflug*. JPV, Reykjavík.
- Jón Gunnar Þorsteinsson, Þórarinn Már Baldursson, Þorsteinn Vilhjálmsson. 2011. *Af hverju gjósa fjöll?* Mál og menning, Reykjavík.

## 4. kafli – List og líf

Viðmið verkefna kafans er að nemendur fái m.a. tækifæri til að efla hæfni sína í:  
lestri og lesskilningi með því að lesa mislanga texta og ræða um þá

- að skoða sjónarhorn í sögum
- að mynda sér skoðun og bera saman við skoðanir annarra
- að rökstyðja eigin skoðun
- að leita upplýsinga
- að skipuleggja ferðalag og taka ákvarðanir
- að draga saman efni í útdrátt
- að tjá tilfinningar sínar í orðum eða mynd

### Úr *Peð á plánetunni jörð* eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur (bls.58)

Olga Guðrún er menntaður tónlistarmaður og hefur unnið við tónlistarkennslu ásamt því að semja tónlist og syngja, skrifa og þýða. Hún hefur skrifað skáldsögur, barnabækur, smásögur og ljóð. *Peð á plánetunni jörð* kom fyrst út árið 1995 og endurútgefin í kilju 2002.

Nánar um bókina: <http://www.ismennt.is/vefir/barnung/ped.htm>

#### Staldræðu við bls. 63

Nánar um sjónarhorn er að finna á bls. 69 í *Hugfinni, handbók um bókmenntahugtök*.

1. Margrét Kristín eða Magga Stína segir söguna. Í kaflanum fer hún í leikhús með Völu bestu vinkonu sinni, Benna yngri bróður sínum ásamt ömmu sinni og afa sem bæði eru farin að heyra illa. Mamma hennar er leikkona og leikur í sýningunni en pabbi hennar er prófarkalesari. Hún segir frá því hvernig gengur í skólanum, meðal vinanna, í fjölskyldunni og ekki síst hjá henni sjálfri enda er sjónarhornið hennar.
2. Dæmi um það sem Magga Stína skammast sín fyrir vegna afa síns:
  - Hún þurfti að sitja við hlið afa síns sem er bæði hálfheyrnalaus og rosalega kalkaður.
  - Hann var ekki alveg með á nótunum og var úti á þekju.
  - Hann hélt að hann væri að horfa á bíómyndina *Börn náttúrunnar* en ekki leikrit.
  - Hann ruglaði saman Nóbelsverðlaunum og Óskarsverðlaunum.
  - Möggu Stínu fannst hann tala allt of hátt og fólk gefa þeim hornauga.

Barn náttúrunnar er eina íslenska kvikmyndin sem ennþá hefur verið tilnefnd til Óskarsverðlauna í flokknum Besta erlenda kvikmyndin en það var árið 1992. Leikstjóri er Friðrik Þór Friðriksson og handritið vann hann ásamt Einari Má Guðmundssyni rithöfund. Leikkonan Sigríður Hagalín, sem afinn spyr um í sögunni, leikur aðalhlutverk í myndinni. Hún leikur gamla konu sem strýkur af elliheimili ásamt gömlum manni sem Gísli Halldórsson leikur og saman fara þau á æskustöðvarnar.



- 3.–4. Mismunandi svör. Hægt að byrja umræður á eftirfarandi spurningum: Kannast nemendur við sambærileg viðbrögð sín og Möggu Stínu? Er það t.d. algengt að krakkar vilji ekki leiða foreldra sína á almannafæri? Er það vegna þess að þeir skammist sín fyrir foreldra sína, eða eru þeir hræddir um að þykja barnalegir í augum vina eða skólafélaga?
5. Fá nemendur til að rökstyðja og gefa dæmi um hvers vegna þeim fannst leiksyningin minnisstæð.
6. Vefsíða Óskarsverðlaunanna: <http://oscar.go.com/>
7. Tveir Íslendingar hafa fengið Nóbelsverðlaun.  
Halldór Laxness fékk Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1955. Um Halldór er hægt að lesa víða og t.d. á heimasíðu Gljúfrasteins: <http://www.gljufurasteinn.is>  
Þar er einnig að finna upplýsingar um Niels Finsen sem fékk Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1903. Faðir hans var íslenskur og móðir hans dönsk en fædd á Íslandi. Niels ólst upp í Færeyjum þar sem hann fæddist en var sendur í Lærða skólann í Reykjavík til náms. Hann helgaði sig rannsóknum á ljósi í lækningaskyni og var alla tíð heillaður af gagnsemi sólarljóssins fyrir líðan og heilsu. <http://www.nobelprize.org/>

### Aukaverkefni

Til að vinna meira með sjónarhorn geta nemendur spreytt sig á því að láta afann segja söguna. Þannig gera þeir sér betur grein fyrir frásagnarhætti og hvernig sagan breytist eftir því hver segir hana. Þetta er tilvalið að gera í pörum eða þrír saman.

Hvað myndi gamli maðurinn hugsa og hvernig yrðu viðbrögð hans við því sem Magga Stína og amman segja? Hvernig yrði samtal hans við Benna?

## Grátandi börn (bls. 64)

### Staldráðu við bls. 65

1. Gott er að skrá á töflu atriði sem koma fram í umræðunni. Punktana geta nemendur notað í söguna um barnið (3).
2. Nemendur þurfa mjög líklega að lesa aftur í gegnum textann til að geta dregið efnið saman í endursögn til vinar eða vinkonu. Áður en endursögnin er skrifuð er gott að skoða greinina og flokka í aðalatriði og aukaatriði. Nemendur geta unnið saman í pörum, þannig fæst meiri umræða og verkefnið gæti orðið markvissara.
3. Hvetja nemendur til að svara spurningunum í samfelldu máli þannig að spurningin felist í svarinu. Ef vel tekst til getur þetta orðið byrjun á sögu sem hægt er að halda áfram með og fullgera með miðju og endi. Nýta atriði sem fram komu í sameiginlegri umræðu um áhrif myndarinnar.

## Aukaverkefni

Nemandi sem þekkir einhvern sem á mynd af grátandi barni gæti tekið viðtal við viðkomandi og fengið að vita hvers vegna þessi mynd er á heimilinu.

## Veggjalist eða veggjakrot (bls. 66)

Eitt og annað um hreinsun á veggjakroti og leyfi fyrir veggjalist: <http://reykjavik.is/thjonusta/veggjakrot-og-vegglist>

### Staldráðu við bls. 67

**1.–4.** Mismunandi svör en mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að ræða saman og fara út og reyna að finna dæmi um veggjalist eða veggjakrot í nágrenninu.

- Veggjalist og veggjakrot. Hver er munurinn og hvernig sér maður hann?
- Ræða um orðin veggjalist og veggjakrot annars vegar og hins vegar orðið graffití.
- Er orðið graffití hlutlausara orð en veggjalist og veggjakrot?
- Þeir sem graffa eru oft nefndir graffarar.
- Finnst nemendum þetta gott orð?
- Hefur það náð að festa rætur?
- Aðlagast það að íslensku beygingarkerfi?

Að finna graffití í umhverfi sínu getur verið paravinna eða unnið í fámennum hópi. Nemendur geta hugsanlega farið í skoðunarferð um hverfið og skráð niður eða tekið myndir af graffití sem þeir sjá.

Hvetja nemendur til að skoða umhverfi sitt og leggja mat á það sem þeir sjá með því að hafa í huga hvort veggjamyndir eða letur hafi verið gerð með löglegum hætti eða ólöglegum. Velta upp spurningum eins og:

- Hvers vegna ætli fólk kroti á vegg í leyfisleysi?
- Telst það skemmdarverk ef fólk krotar á vegg í leyfisleysi?
- Hvað finnst nemendum um það?
- Ætti að sekta fólk sem gerir það?
- Vill fólk koma ákveðnum skilaboðum á framfæri?
- Ef svo er væri hægt að gera það á annan hátt?
- Á hvaða hátt er hægt að koma skilaboðum eða skoðunum sínum á framfæri?

Við sjáum allskonar auglýsingar út um allt á veggjum.

- eru þær öðruvísi en veggjakrot?
- Veggjakrotarar krotu oft á auglýsingar, eru þeir hugsanlega að segja eitthvað með því?

Auðvelt er að nota það sem kemur úr þessum umræðum í áframhaldandi vinnu t.d. í rökræður á milli ólíkra sjónarmiða og setja upp sem kappræður.

## Regnboginn

Í bókinni *Fagar heyrði ég raddirnar* þar sem Einars Ól. Sveinsson tekur saman þjóðkvæði og stef segir á bls. 215, að vísan eða gátan sé ort upp úr vísu í Geiplum, þar sem höll Miklagarðskeisara sé lýst:

*Veggurinn bæði víðr og hár,  
vænum settur röndum,  
grænn og dökkur, rauðr og grár  
(grænn og rauður, gulr og blár)  
og gjörr af meistara höndum.*

Meðal þjóða heimsins er til margvísleg þjóðtrú í sambandi við regnbogann. Víða er sú trú eins og hér á landi að hægt sé að óska sér og að óskin rætist ef maður kemst undir regnbogann. Margir hafa reynt að komast undir regnbogann til að geta óskað sér en einhverra hluta vegna hefur það gengið illa. Í bók Sölva Sveinssonar *Táknin í málinu* á bls. 314 segir m.a. að fjársjóður eigi að vera undir þar sem regnboginn rennur til jarðar. „Gullið undir enda regnbogans sé nú tákn um sókn eftir einhverju sem aldrei verður náð.“

Í ásatrú er regnboginn brúin Bifröst sem liggur á milli himins og jarðar. Heimdallur einn sona Óðins, situr við Himinbjörg og gætir brúarinnar sem æsir fara um. Hann bæði heyrir og sér betur en aðrir og þarf nánast engan svefn. Hann blæs í lúður sinn Gjallarhornið til að vara æsi við hættum. Samkvæmt þessu gæti væri hægt að segja að regnboginn sé vegur og möguleiki að í meðförum hafi hann breyst í vegg eins og vísan greinir frá.

Regnboginn er stundum nefndur friðarbogi og er regnbogafáni alþjóðlegt tákn samkynhneigðra.

Símon Jón Jóhannsson þjóðfræðingur segir í *Stóru hjátrúarbókinni* „Sums staðar er regnboginn talinn ólánsmerki eða feigðarboði, sérstaklega sjáist hann yfir húsum. Sumir telja líka ólán að benda á regnboga. Það komi af stað rigningu eða valdi einhverjum óhöppum.“ (SJJ.1999. Vaka-Helgafell, bls. 313)

Handan regnbogans er land hamingjunnar eins og sungið er um í laginu *Over the rainbow* úr kvikmyndinni *The Wizard of Oz*. Judy Garland syngur lagið í kvikmyndinni frá 1939 og á vefslóðinni <http://www.youtube.com/watch?v=ucdyjrHjn8c> má hlýða á lagið og textinn birtist á ensku.

Borgarleikhúsið setti upp söngleikinn *Galdrakarlinn í Oz* og voru allir söngtextar þýddir og lögin gefin út á geisladiski. Þar heitir lagið *Ofar regnbogahæðum*: [http://www.tonlist.is/Music/Album/806976/leikhopurinn\\_galdrakarlinn\\_i\\_oz/galdrakarlinn\\_i\\_oz/](http://www.tonlist.is/Music/Album/806976/leikhopurinn_galdrakarlinn_i_oz/galdrakarlinn_i_oz/)

Regnbogar eru misjafnir og eiga sín nöfn eins og Bifröst í ásatrúnni. Í íslenskri orðabók Menningarsjóðs er að finna nokkur dæmi um mismunandi regnboga:

- hrímbogi er regnbogi í éljagangi og lágum lofthita
- jarðbogi er regnbogi sem nær báðum endum til jarðar
- regnband er bútur af regnboga
- úðabogi er regnbogi í þoku eða yfir fossi
- þokubogi (oft nefndur hvítur regnbogi) er hvítur regnbogi sem myndast af litlu endurkasti í örsmáum úðadropum, þannig að litirnir blandast aftur.

## Louisa Matthíasdóttir (bls. 68)

Heimildarmyndin Skáld hlutanna frá 1986 um líf hennar og störf:

<http://www.youtube.com/watch?v=jxEJsiAL1WU>

Verk hennar <http://www.youtube.com/watch?v=TSFrJY7I30c>

### Staldráðu við bls. 69

1. Mismunandi svör en hugmyndir að spurningum til að leiða nemendur áfram:
  - Hvað sést á myndinni? (hestar, bær, fjall, himinn, tún ...)
  - Hvernig eru litirnir? (kaldir, hlýir?)
  - Eru útlínur óljósar eða greinilegar? (renna þær saman eða ...)
  - Hvernig er sjónarhornið? (hvar er listamaðurinn þegar hann málar myndina?)
  - Hvaðan gæti myndin verið? (á Íslandi, hvaða landi sem er, sveit, borg?)
  - Segir myndin sögu?
- 2.–3. Verkin geta líka verið nytjalist og ætti ekki að takmarka verkefnið við eina tegund listaverka. Þegar nemendur hafa valið eitt verk og fjallað nánar um það getur orðið til vísir að myndlistarsýningu í stofunni eða á gangi skólans.

## Í tengslum við pissuskál Duchamp frá 1917 (bls. 69)

Í inngangi að kennsluleiðbeiningum Ingimars Waage á Listavef Námsgagnastofnunar og Listasafns Íslands segir m.a. „Eðli listarinnar er með þeim hætti að hún býður upp á túlkunarleiðir sem sjálfsgagt eru jafnmargar áhorfendunum og veltur það á menningarlegum bakgrunni hvers og eins hvaða augum hann lítur listina.“ Hann hvetur kennara jafnframt að leggja eitthvað til málanna til að skapa umræðugrundvöll. Á listavefnum eru myndir af ólíkum verkum listamanna og hvernig hægt er að nálgast listaverkin frá ólíkum hliðum. <http://vefir.nams.is/listavefurinn/index.html>

<http://vefir.nams.is/listavefurinn/flash/kennarasidur.pdf>

Í kennslupakka Listasafns Reykjavíkur – undirbúningur og eftirfylgni safnheimsóknar í Ásmundarsafn, Hafnarhús og á Kjarvalsstaði sem Bergsveinn Þórsson tók saman eru góðar upplýsingar og hugmyndir um hvernig hægt er að ræða um listaverk. [http://www.listasafnreykjavikur.is/Portaldata/13/Resources/fraedsludeild/skjol/Kennslupakki\\_Listasafns\\_Reykjav\\_kur-PDF.pdf](http://www.listasafnreykjavikur.is/Portaldata/13/Resources/fraedsludeild/skjol/Kennslupakki_Listasafns_Reykjav_kur-PDF.pdf)

## Aukaverkefni

Nemendur skoða list á heimili sínu eða hjá ömmu og afa. Velja verk og spyrjast fyrir um það. Nemendur geta tekið mynd af verkinu og sagt frá því í skólanum.

Dæmi um spurningar:

- Hver er höfundur verksins?
- Hvers vegna er það á heimilinu?
- Hvernig kom það þangað?
- Hefur það verið lengi þar?
- Er verkið bundið einhverjum tilfinningum?
- Hvað finnst nemandanum um verkið?
- Listamaðurinn með barnshjartað (bls. 70)

Meira um Samúel Jónsson er hægt að lesa m.a. á vefslóðinni [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageld=3303832](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=3303832) en þar er grein úr Lesbók Morgunblaðsins frá 1984, undir fyrrisögninni *Listamaðurinn með barnshjarta. Hundrað ára minning Samúels í Selárdal*.

Félag um listasafn Samúels Jónssonar í Selárdal var stofnað árið 1998. Tilgangur félagsins er að stuðla að endurreisn og viðhaldi á verkum og byggingum Samúels og kynna verk hans innan lands sem utan. Félagið gaf út bækling sem einnig er á veraldarvefnum: [http://www.sogumidlun.is/pdf/samuel\\_net.pdf](http://www.sogumidlun.is/pdf/samuel_net.pdf) Skemmtilegt innslag er á youtube þar sem Villi naglbítur situr í Selárdal framan við kirkjuna og dreifir fróðleik út í loftið: <http://www.youtube.com/watch?v=vXpfx1PC2Cw>

## Naívismi (bls. 71)

Svar við spurningunni *Hvað er naívismi*: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=2035>

### Staldráðu við bls. 72

## Skáld–pabbi Ísak Harðarson (bls. 72)

1. Pabbinn fer út að veiða ljóð eins og veiðimaður sem fer að veiða fisk. Rithöfundurinn (pabbinn) er með litla minnisbók og nokkra penna sem eru verkfærin hans. Veiðimaður færir með veiðistöng, öngul og beitu eða flugu. Hér teflir ljóðskáldið saman veiðimanni að veiða fisk og rithöfundu að veiða ljóð. Um þetta tvennt hverfist myndhverfingin í ljóðinu. ... *vonandi kemur hann heppinn núna og kemur heim með mörg bústin ljóð* ... eins og veiðimaður sem kemur heim með nokkra væna fiska.
- 2.–3. Ljóðmælandi óskar þess samt að pabbinn veiði ekki svo mikið, þ.e. yrki ekki svo mikið að hann yrki sig í fótinn. Hvernig er hægt að yrkja sig í fótinn? Veiðiferðin í ljóðinu tókst vel á þann hátt að bókin eða sagan seldist vel og fóturinn varð söluhæsti fóturinn þau jólin. Hvað þýðir að skjóta sig í fótinn? Veiðimaðurinn festir stundum öngulinn í fætinum, sem þykir ekki gott, eða fer heim með öngulinn í rassinum sem þýðir að koma tómhentur heim. Er hugsanlega samhengi á milli orðatiltækisins að skjóta sig í fótinn í merkingunni að mistakast og yrkja sig í fótinn?

Getur verið að metsölubók leggi höfundinum erfiðar skyldur á herðar?

Getur verið að það sé ekki svo eftirsóknarvert að öllu leyti að vera metsöluhöfundur?

4. Mynd eða myndasaga af ljóðinu getur orðið skemmtilegt samvinnuverkefni þar sem nemendur leika sér með myndmálið í ljóðinu.

### Aukaverkefni

Myndastyttuleikur

Bekknunum er skipt í tvo hópa.

- Annar hópurinn hreyfir sig við tónlist og frýs í stöðu myndastyttu þegar tónlist þagnar.
- Hinn hópurinn gengur á milli þeirra sem eru myndastyttur og spyr spurninga.
- Myndastyttturnar lifna við og svara spurningunum.

Bekknunum er skipt í þrjá hópa.

- Einn hópurinn eru myndhöggvarar.
- Annar hópurinn eru myndastyttur sem myndhöggvararnir móta.
- Þriðji hópurinn er fólk á myndlistarsýningu og fær tækifæri til að spyrja myndhöggvarana um verk sitt.

Þessi kennsluáðferð í leiklist er yfirleitt kölluð kyrrmyndir og eru henni gerð góð skil í bókinni *Leiklist í kennslu* sem Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir skrifuðu og Námsgagnastofnun gaf út árið 2004.

Kyrrmyndir eru einföld útfærsla á hlutverkaleik. Hún getur verið einstaklingsvinna en til að reyna á samvinnu er hópvinna æskileg. Kennari getur gengið á milli myndastyttanna í byrjun og spurt til að nemendur verði öruggari. Þá er hægt að útfæra leikinn og gera hann meira krefjandi ef ákveðið viðfangsefni er valið og/eða að stytturnar sýna ákveðnar tilfinningar eða viðhorf.

### Bækur til að hafa í stofu og ítarefni

- Halldór B. Runólfsson og Ingimar Waage. 2013. *Listasaga – frá hellalist til 1900*. Námsgagnastofnun, Kópavogur.
- Ísak Harðarson. 2009. *Rennur upp um nótt*. Uppheimar, Akranes.
- *Louisa Matthíasdóttir – myndir*. Íslensk þýðing og formáli Sigurður A. Magnússon. 1987. Mál og menning, Reykjavík.
- Olga Guðrún Árnadóttir. 2002. *Peð á plánetunni jörð*. Mál og menning, Reykjavík.
- Steinn Steinarr. 2000. *Halla*. Ljóð Steins Steinarr og myndskreytingar Louisa Matthíasdóttur. JPV forlag, Reykjavík.
- Þórdís Claessen. „Graffiti“ Börn og menning 2/2001.
- Þórdís Gísladóttir. 2009. „Hvað er það sem heillar við grátandi börn?“ Börn og menning. 2/2009.

# 5. kafli – Undur og stórmerki

Viðmið verkefna kafans er að nemendur fái m.a. tækifæri til að efla hæfni sína í:  
lestri og lesskilningi með því að lesa mislanga texta og ræða um þá

- að taka þátt í umræðum og að hlusta á aðra
- að skrifa frétt og nýta spurnarorðin
- að tjá sig með spuna
- að draga út aðalatriði í texta og raða í tímaröð
- að skoða ljóðstafi og rím í ljóðum
- að undirbúa eigin upplestur

## Vatnaormur – Fjörulalli – Hafgúfa (bls. 73–80)

### Staldræðu við bls. 80

1. Sagnir af vættum og margvíslegum kynjaskepnum endurspeglar oftast ótta manna við hættur sem kunna að vera yfirvofandi. Til að mynda hræðsla við drukkun á hættulegum ferðum yfir straumharða á, djúpt stöðuvatn eða úfinn sjó. Þekktur er Miðgarðsormur úr Snorra-Eddu sem hringaði sig umhverfis jörðina og barðist við Þór. Lagarfljótormurinn er eflaust frægasti ormurinn á Íslandi sem ennþá er leitað. Á hásléttum Skotlands er skrímsli sem nefnt er eftir vatninu sem hýsir það, Loch Ness. Aðdráttarafl þess er því líkt að þúsundir ferðamanna leggja leið sína þangað ár hvert og freista þess að það láti sjá sig einmitt þá stundina. Stórfótur (big foot) er talinn vera norður-amerískur mannapi en þó eru ekki óyggjandi sannanir fyrir því.

Orðin „ófreskja“ og „skrímsli“ eru ekki vísindaleg hugtök. Í íslenskri orðabók stendur að ófreskja merki „hræðileg skepna“. Orðið tengist líka hinu dulræna og yfirnáttúrulega „ófreski“ er skyggni eða skyggniháfa. Ófreskjur tilheyra því frekar heimi bókmennta, trúarbragða og dulspeki en vísinda. Þetta er upphaf svars við spurningunni *Eru til einhverjar staðfestar heimildir um ófreskjur?* Í ítarlegu svari á Vísindavefnum segir jafnframt að hægt sé að greina á milli tvenns konar ófreskja og fer það eftir því hvaða viðbrögð þau vekja með sögupersónum.

- Önnur á heima í ævintýrum og goðsögum er náttúrleg og eðlileg í augum sögupersóna. Lesandinn eða áhorfandinn lætur jafnvel eins og hún sé til og er Grýla dæmi um þannig ófreskju.
- Hin á heima í veröld hrollvekjunnar og er ógeðsleg á einhvern hátt og skapar viðbjóð með sögupersónum. Fransenstein, varúlfar og vampýrur eru dæmi um þannig ófreskjur og í sama flokki eru kvikindi sem eru á einhvern hátt stökkbreytt líkt og kynjaskepnurnar sem sagt er frá í kaflanum.

Vísindin viðurkenna ekki ófreskjur og telja þær til ímyndunarafsisins. Duldýrafræði (cryptozoology) er grein innan raunvísinda sem fæst við að rannsaka dýralíf þar sem einungis óstaðfestar sögusagnir og óskýrðar myndir eru til að byggja á og sem jafnframt hafa verið afskrifaðar af venjulegum vísindum vegna skorts á sönnunum.

Þar segir jafnframt að í raun sé öfugsnið en samt rökrétt að ef staðfest sönnun fæst um tilveru ófreskju þá hættir hún um leið að vera ófreskja. Byggt á <http://visindavefur.is/svar.php?id=2897> og <http://visindavefur.is/svar.php?id=31487>

2. Fjöldmörg orð önnur en þau sem nefnd eru í bókinni (vatnaormur, fjörolalli, hafgúfa,) eru höfð um vættir sem lifa í sjó eða vötnum og einkum nefnd í þjóðsögum.
  - Hafgýgur, haffrú, hafmey, hafmeyja, hafmær, margýgur og meyfiskur hefur gulleitt hár og er í mannlíki niður að mitti en þar fyrir neðan er hún fiskur með sporð. Í nokkrum heimildum er blæbrigðamunur í útliti og hátterni á margýg og hafmey, í öðrum flokkast þær saman enda báðar söngvarar. Margýgurinn er þó talinn stór sem tröll en hafmeyjan fingerðari.
  - Hafmenn eru oftast á stærð við menn, stundum stærri og tröllslegri í útliti.
  - Hafstrambar eru handalausir og mjög hávaxnir, ekki er vitað hvort þeir hafi sporð.
  - Marbendlar eða marmennill er eitt og hið sama, þeir eru lágvaxnir, þreknir og höfuðstórir með langar hendur. Þeir eiga óhemjandi sækýr sem mjólka vel og eru góðar til undaneldis.
  - Hafbúi, hafdvergur, hafmaður, hafstrambi, haftröll, marbúi, mardvergur, sjóálfur, sædvergur og sætröll eru allt fyrirbæri sem lifa í sjó.
  
3. Tilvalið er að vinna þetta verkefni með myndmenntakennara. Einnig er hægt að búa kynjaskapnuna til og hafa endurnýtingu að leiðarljósi, nota t.a.m. pappakassa, umbúðir af þurrmat og efnisbúta. Fróðleik um krossglímur er að finna á <http://hagurbal.weebly.com/krossgliacutemur.html>
  
4. Minna skal nemendur á rammann um hvað þarf að hafa í huga þegar blaðagrein er skrifuð (bls. 79). Vanda fyrirsögnina og hafa hana bæði lýsandi og grípandi. Ítreka við nemendur að nýta spurnarorðin. Í bókinni *Beinagrindur* sem Námsgagnastofnun gaf út 2011 eru góðar leiðbeiningar um það hvernig hægt er að skrifa fréttagrein. Í kaflanum um frásagnartexta geta nemendur fylgt eftir ákveðnum ramma til að ritunin verði markviss.  
Hugmyndir að öðrum verkefnum um skrímsli: <http://signy.gildi.net/index.htm>

## Sauðburður í Reykholtssdal (bls.79)

Myndlistarmaðurinn Ólöf Nordal hefur skoðað vansköpuð dýr í náttúru Íslands og unnið með þau í verkum sínum: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1035932/>

## Grunnvatnsmarflóin (bls. 80)

Ramminn um grunnvatnsmarflóna getur kveikt hjá nemendum hugmyndir um ný og ókunn dýr sem við þekkjum ekki en kunna að leynast í nágrenni okkar. Jafnvel dýr sem hafa aldrei sést áður. Grunnvatnsmarflóin er eina dýrið sem hefur lifað á Íslandi í meira en 20 þúsund ár og samt var ekki vitað fyrr en í kringum árið 2000 að hún væri til. Öll önnur dýr hafa numið land á Íslandi á síðustu 10 þúsund árum og komið yfir hafið. Krakkarnir gætu velt því fyrir sér hvort hemúllinn í sögunni um múmínálfana hefði ekki orðið glaður hefði hann fundið grunnvatnsmarfló.

Um einlendar dýrategundir:

<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=62639>



## Appelsínugulu fiðrildin – Elísabet Jökulsdóttir (bls. 81)

### Staldráðu við bls. 81

- 1.–2. Í spuna er yfirleitt mas og hávaði í byrjun og er það eðlilegt í sköpunarferlinu. Mikilvægt er að gefa nemendum ákveðnar línur svo ferlið verði ekki losaralegt. Samvinna er lykilatriði til að spuni heppnist. Á bls. 26 í bókinni Leiklist í kennslu – handbók fyrir kennara segir m.a. að spuni sé áhugaverður fyrir áhorfendur ef þátttakendur:
  - hafa gott samspil sín á milli
  - taka hlutverkið alvarlega
  - hlusta á það sem hinir segja
  - skapa spennu, þannig að eitthvað óvænt gerist
  - hafa í huga að draga spunann ekki á langinn.

Gott ráð er að byrja og enda spunaæfingu á kyrrmynd. Í kyrrmynd frjósa allir.

## Maðurinn í mýrinni (bls. 82)

Um Tollundmanninn er hægt að lesa nánar á ensku eða dönsku á vefslóðinni <http://www.tollundman.dk/> Þar er einnig hægt að fræðast um Elling konuna sem fannst 12 árum áður, einungis 80 metrum frá Tollundmanninum. Á vefsíðunni eru fróðlegar upplýsingar um járnöldina, m.a. hvernig fólk lifði, hvað það borðaði, hvernig klæðnaðurinn var og hvernig það ferðaðist um.

Silkiborg er á Mið-Jótlandi og er stundum nefnd Feneyjar Danmerkur því ár og vötn liggja allt í kring sem gaman er að sigla á. Landslagið er fallett, skógar og hæðir, og þar skammt frá er eitt hæsta fjall Danmerkur, Himmelbjerget (147m). Hæstu fjöll í Danmörku eru Efjer Bavnehøj og Yding Skovhøj (skv. Vísindavefnum: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=1443>)

### Staldráðu við bls. 83

1. Þeir sem fundu Tollundmanninn gerðu sér ekki grein fyrir að hann hefði legið í jörðu í nærri 2000 ár. Reipi var vafið um háls mannsins og sú ályktun dreginn að hann hafi verið kyrktur eða hengdur og því var strax haft samband við lögreglu.
2. Hvert á að tilkynna verðmætan fund? Hvað dettur nemendum í hug? Þjóðminjasafninu ber að taka við fornmunum til varðveislu sbr. 3 gr. laga um safnið. <http://www.althingi.is/alttext/stjt/2011.140.html>
- 3.–4. Nákvæmnislestur er mikilvægur og hentar þessum texta og verkefnum. Við nákvæmnislestur þarf yfirleitt að lesa oft en einu sinni yfir textann og enn aftur þegar verkefni eru unnin. Hér er textinn ekki of langur og því tilvalið að gefa nákvæmnislestri og verkefnum góðan tíma.

Gott hugtakakort á að geyma nægar upplýsingar til að veita greinargott yfirlit um efnið. Nemendum finnst líka oft gott að gera punkta og raða þeim saman eftir efnisflokkum. Með þessu móti þjálfa þeir lesskilning og kennarar fá yfirsýn um stöðu nemenda.

Í textanum eru nokkur atriði til að setja á tímalínuna og því tilvalið að bæta við upplýsingum um Elling konuna og hvetja nemendur til að finna merka fornleifafundi á veraldarvefnum til að setja á tímalínuna.

Ártöl í textanum: var uppi 280 f.Kr. 30–40 ára þegar hann dó, fannst árið 1950.

Rannsóknir eftir fundinn leiða ýmislegt í ljós sem nemendur geta líka sett á tímalínuna þó ekki sé um nákvæmt ártal að ræða.

Brot úr ljóði um Tollundmanninn eftir írsku ljóðskáldið og Nóbelsverðlaunahafann í bókmenntum 1995, Seamus Heaney. Þýðinguna gerði Karl Guðmundsson leikari og þýðandi.

[http://www.mbl.is/greinasafn/grein/397339/?item\\_num=110&dags=1998-05-09](http://www.mbl.is/greinasafn/grein/397339/?item_num=110&dags=1998-05-09)

## TOLLUNDMAÐURINN

*Til Árósa held ég að lokum  
að líta hans móbrúna haus,  
mildu fræbelgi augna,  
hans oddmjóa skinnhött.*

*Á flatlendinu í grennd,  
hann var grafinn þar upp  
með síðasta kornseyði vetrar  
storkið í sarpi,*

*nakinn, nema með  
höttinn, snöru og belti,  
þar mun ég staldra lengi.  
Brúðgumi gyðjunn,*

*hún spennti á hann men sitt  
og opnaði sitt fen,  
og myrkir safarnir gerðu  
hann óförgengilegan smyrðling,*

*fundið fé mótekjumönnum,  
sem stungu og rist.*

*Nú dvelur steind ásýnd hans  
í Árósum í rósemd.*

Ljóðið er allt á ensku á slóðinni: <http://www.poemhunter.com/poem/the-tollund-man/>

## Lagarfljótormurinn eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson (bls. 84)

Hér hefur Ragnar Ingi samið kvæði úr þjóðsögunni um orminn í Lagarfljóti sem saman stendur af ellefu erindum. Lagarfljótormurinn kemur fyrst fram í heimildum á 14. öld og má gera ráð fyrir að hann sé mun eldri en það og sagan lifað í munnmælum frá ómunatíð. Mikið hefur verið rætt og rifist um hvort ormurinn sé til í raun og veru. Mikil dulúð og spenna fylgir fyrirbærum sem eru óskilgreind. Við spurningunni Er Lagarfljótsormurinn til? <https://visindavefur.hi.is/svar.php?id=62704> er því svarað skýrt og skorinort að öll dýr deyi á endanum og elsta dýr sem vitað er um var kúskel ein í hafinu norður af Íslandi og er hún talin vera rúmlega 400 ára gömul. <https://visindavefur.hi.is/svar.php?id=7273>

## Rímað ljóð (bls. 88)

Í rammanum í bókinni er einungis talað um endarím og þá annaðhvort runurím eða víxlím. Margar aðrar gerðir af rími eru til s.s. alrím, hálrím, karlrím, kvenrím, veggjað rím, innrím, miðrím og framrím. Á bls. 65 í *Hugfinni, handbók um bókmenntahugtök* eru aðgengilegar skýringar á mismunandi rími.

Kennarar ráða umfangi bragfræðinnar og meta hvað nemendur þeirra ráða við en Ragnar Ingi Aðalsteinsson sem er okkar helsti sérfræðingur í bragfræði fer dýpra í umfjöllun um kveðskap í bókinni *Bragfræði fyrir unglíngastig grunnskóla* og í henni ásamt kennsluleiðbeiningum [http://vefir.nams.is/klb/bragfraedi\\_klb.pdf](http://vefir.nams.is/klb/bragfraedi_klb.pdf) bls.8 er gott yfirlit um mismunandi rím. Í bókinni er einnig fjallað um áherslur, ljóðstafi og gnýstuðla, liði og úrfellingu.

### Staldræðu við bls. 88

1. Atriði til að hafa í huga við upplestur og sem eru t.a.m. metin í Stóru upplestrarkeppninni:
  - Líkamsstaða: standa í báða fætur og slaka á öxlum.
  - Raddstyrkur og notkun talfæra: opna munninn, anda djúpt og láta röddina berast.
  - Framburður: lesa skýrt þannig að hvert orð skiljist.
  - Tími og þagnir: lesa hægt, gefa sér tíma og muna að þagnir eru nauðsynlegar.
  - Blæbrigði og túlkun: lesa í samræmi við efnið, skilningur er forsenda þess að koma texta til skila.
  - Samband við áheyrendur: líta til áheyrenda í byrjun og í lokin, einnig nokkrum sinnum á meðan lesið er.

Sjá nánar um Stóru upplestrarkeppnina á vegum Radda á vefnum: <http://upplestur.hafnarfjordur.is/>

- 2.–3. Tilvalið að nýta sem skriftaræfingu og ætla nemendum að nota tengiskrift.
4. Rímið er runurím en í öllum erindunum ríma fyrsta og önnur lína og síðan þriðja og fjórða lína, rímformið er aabb.  
Stuðlarnir eru tveir í fyrri línunni og höfuðstafur í næstu línu, nánar um ljóðstafi (stuðla og höfuðstafi) og sérhljóða sem ljóðstafi á bls. 9-12 á [http://vefir.nams.is/klb/bragfraedi\\_klb.pdf](http://vefir.nams.is/klb/bragfraedi_klb.pdf)
5. Hvetja nemendur til að spinna sinn eigin söguþráð sem þarf ekki að vera í takt við þjóðsöguna.

6. Að velja uppáhaldslagið sitt er tilvalið heimaverkefni.
7. Lagarfljót er jökulá sem á upptök í Fljótsdal og rennur um 140 km leið til ósa Héraðsflóa. Í Lagarfljóti er Lögurinn sem er 35 km langt stöðuvatn og í því eru heimkynni ormsins talin vera. Hverjir hafa farið að Lagarfljóti? Egilsstaðir eru við Lagarfljót. Hallormsstaðaskógur <http://www.skogur.is/thjodskogarnir/austurland/nr/31>
8. Bækurnar Íslenskar kynjaskepnur og Furðudýr í íslenskum þjóðsögum geta verið gagnlegar til að nemendur finni sína skepnu.

#### **Bækur til að hafa í stofu og ítarefni:**

- Friðrik Sigurbjörnsson. 1970. *Sól skein sunnan. Þættir um náttúruskoðun*. Æskan, Reykjavík.
- Jón Baldur Hlíðberg og Sigurður Ægisson. 2008. *Íslenskar kynjaskepnur*. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Björk Bjarnadóttir. 2002. *Furðudýr í íslenskum þjóðsögum*. Salka, Reykjavík
- Íslensk orðabók Menningarsjóðs. Ýmsar útgáfur.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2011. *Bragfræði fyrir unglingastig grunnskóla*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2011. *Hugfinnur handbók um bókmenntahugtök*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Þjóðsögur Jóns Árnasonar. Ýmsar útgáfur.
- Skrímslasetrið á Bíldudal: <http://skrimсли.xnet.is/>

# 6. kafli – Upp og niður

Viðmið verkefna kaflans er að nemendur fái m.a. tækifæri til að efla hæfni sína í:  
lestri og lesskilningi með því að lesa mislanga texta og ræða um þá

- að vinna í hóp, skapa og skipuleggja
- að gera samanburð
- að rökstyðja eigin skoðanir
- að lesa um nýja og gamla tækni
- að semja leiðbeiningar sem koma að gagni
- að undirbúa endursögn og flytja fyrir aðra
- að túlka texta á leikrænan hátt

## Úr bókinni *Áróra og Sókrates* – Amma í blokk X eftir Anne-Cath Vestley (bls.90)

Norski barnabókahöfundurinn Anne-Cath. Vestley skrifaði yfir 50 barnabækur á sínum ferli. Hún dó 88 ára gömul árið 2008.

Sagan er um Áróru sem býr í blokk X ásamt Sókratesi, litla bróður sínum og foreldrum. Pabbi þeirra er heimavinnandi og mamman, sem er lögfræðingur, vinnur úti og kemur lítið við sögu. Á sínum tíma var Anne-Cath Vestley gagnrýnd í Noregi fyrir að skrifa um pabba sem væri heimavinnandi, færi í göngutúra með barnavagninn og dundaði sér við að skrifa óskiljanlega doktorsritgerð um forn-Grikki á meðan mamman væri að vinna utan heimilisins.

Hún skrifaði um hversdaginn og á sjálf að hafa sagt að hversdagurinn væri bestur og fullur af ævintýrum. Bækurnar eru raunsæjar og skrifaðar út frá sjónarhóli barnsins, ímyndunaraflið fær að njóta sín og hversdagslegu vandamálin verða oft spaugileg.

Byggt á: <http://bokvit.blogspot.com/2008/12/anne-cath-vestly.html> og  
<http://bokvit.blogspot.com/2011/09/heitar-lummur-heimavinnandi-fair-og.html>

### Staldráðu við bls. 101

1. Atriði sem gefa til kynna að sagan eigi sér stað fyrir löngu:
  - Pabbinn fer út í símklefa til að hringja.
  - Þau hafa þá ekki verið með síma í blokk X og ekki farsíma.
  - Amman hafði verið fjósakona.
  - Að vísu fyrir löngu síðan en tilheyrir það ekki gömlum tíma?
  - Amman er von að klæða sig í tvær peysur því húsið í skóginum var óþétt. Það var ekki vel einangrað eins og oft var í gamla daga.
  - Amman hafði aldrei farið í lyftu.

2. Nemendur geta e.t.v. útbúið leiðbeiningar um eitthvað annað í skólanum ef engin lyfta er á staðnum, t.d.
  - leiðarvísi til að hafa við inngang um leiðina að skrifstofunni eða í matsalinn
  - hlutverk umsjónarmanns í matsal
  - hvað umsjónarmenn í bekknum eiga að gera
  - hvað á að gera og hvert á að fara ef brunabjallan fer í gang

Leiðbeiningar þurfa að vera hnitmiðaðar og skýrar. Málsgreinar mega ekki vera of langar og málfar þarf að vera einfalt. Hægt er að leyfa nemendum að skoða mismunandi leiðbeiningar. Þar geta þeir metið hvað þeim finnst góðar og skiljanlegar leiðbeiningar og hvað flóknar eða erfiðar leiðbeiningar. Hvort það er málfarið eða orðaforðinn, lengd málsgreina eða eitthvað annað sem hefur þar áhrif.

Nemendur geta einnig skoðað spilareglur. Þær eru yfirleitt mjög ítarlegar og eru í nokkrum köflum og byrja á innihaldslýsingu og síðan kemur upphaf leiks – gangur leiks – sigur markmið – undirbúningur – gangur spilsins – lok umferðar – lok spilsins

### Aukaverkefni

Nemendur geta búið til spil í hópvinnu og skrifað síðan nákvæmar spilareglur. Aðrir nemendur geta síðan spilað spilið eftir spilareglunum og þannig metið hvort þær eru nothæfar eða hvort eitthvað þurfi að laga. Þannig fer matið fram strax meðal jafningja.

- 3.–4. Mismunandi svör. Kennari getur leitt umræður í byrjun. Fælni eða fóbía er mikill og óraunhæfur ótti við tiltekið fyrirbæri, ákveðnar gerðir eða aðstæður. Hún er kvíðaröskun sem gerir það að verkum að sá sem er haldinn fóbíu reynir að forðast það sem óttinn beinist að. Einstaklingurinn veit að hræðslan er ýkt og órókrétt miðað við raunverulega hættu.

Til þess að hægt sé að tala um raunverulegra fælni verður hræðslan að vera mjög ýkt og valda röskun í daglegu lífi. Hægt er að lækna fælni og er atferlismeðferð eitt af úrræðunum.

Meira um fælni er hægt að lesa á eftirfarandi vefslóðum sem ofangreint er byggt á:

<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5053> og

<http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=14&pid=11>

5. Endursögn

Hvetja nemendur til að nýta sér upplýsingar í textanum um það sem amma segir og hugsar, þannig þjálfar þeir lesskilning. Gefa nemendum síðan frjálst val um að skálda í eyðurnar frá eigin brjósti. Þeir nemendur sem eiga erfitt með lesskilning ættu að fá að skálda að mestu og þannig fást a.m.k. fram hughrif sögunnar og tilfinningar sem kvikna. Kennari getur síðan metið eftir einstaklingum í hópnum hvað af ofantöldu hann nýtir sér og leggur áherslu á. Æfa síðan upplestur og flytja fyrir skólafélaga.

### Aukaverkefni – leiklist

Hér á eftir eru 10 atriði úr sögunni sem tilvalið er að setja upp í örleikrit. Hægt er að sameina kafla og/eða taka út eftir fjölda nemenda. Einnig er hægt að bæta persónum í leikþættina og þrjóna við. Mikilvægt er að gefa nemendum tímaramma, bæði fyrir undirbúning sem og flutning.

- Fyrsti ömmudaginn. Pabbi fer með krakkana út í skóg til ömmu í pössun.
- Leikendur: pabbi, Áróra, Sókrates, amma, Rósalind (kýrin), Litlituddi (kálfurinn), hænur og Stuttfótur. Matti sem er í skólanum getur einnig komið við sögu.
- Næsti ömmudagur. Pabbi hringir í ömmu og biður hana að koma til borgarinnar. Endar þegar amma er komin að Týtuberjagötu.
- Leikendur: Sókrates með kvef, pabbi, amma, hægt að bæta við fólki sem hún hittir á leiðinni, jafnvel að láta tré í skóginum lifna við.
- Amma kemur að blokk X, fer í lyftuna og endar þegar hún er í lyftunni á 8. hæð.
- Leikendur: amma, margir menn á leið til vinnu, kona (sem fer í lyftuna með ömmu).
- Amma í lyftunni. Endar þegar amma labbar úr lyftunni á 10. hæð.
- Leikendur: amma, kona og maður.
- Amma labbar úr lyftunni á 10. hæð og endar þegar Sókrates er sofnaður.
- Leikendur: amma, Áróra, pabbi, Sókrates.
- Amma æfir sig í lyftunni. Endar þegar amma er búin að „hjálpa“ mönnunum að komast niður.
- Leikendur: amma, Áróra, nokkrir menn.
- Amma fer úr skónum og ráfar um íbúðina, þarf súrefni, fer út á svalir. Endar þegar Sókrates vaknar.
- Leikendur: amma, Áróra, Sókrates.
- Amma sækir appelsínusafa og dyrabjöllunni er hringt. Endar þegar Lísu og Inga fara.
- Leikendur: amma, Áróra, Sókrates, óvingjarnleg rödd, Inga og Lísu.
- Pabbi kemur heim.
- Leikendur: amma, Áróra, Sókrates, pabbi, fólkið á neðri hæðinni.
- Heimferð ömmu í gegnum skóginn og móttökurnar í skóginum.
- Leikendur: amma, pabbi, mamma og börnin átta í skóginum, hundurinn Stuttfótur, kýrin Rósalind og kálfurinn.

## Þegar við Siggi lékum okkur í rúllustigunum í Kringlunni

Halldóra Kristín Thoroddsen (bls. 102)

Mæðginin Halldóra og Siggi gerðu sér glaðan dag og léku sér í rúllustigunum í Kringlunni eftir opnun hennar 13. ágúst árið 1987. Þau áðu oft á leið sinni og borðuðu nesti sem gefur til kynna að mæðginin hafa farið langa leið. Þetta hefur verið sannkallaður dýrðardagur fyrir strákinn af orðum hans að dæma „eins og í draumi guðs“.

- Hafa nemendur upplifað eitthvað svipað og strákurinn?
- Ef nemendur færu í dagsferð, hvert vildu þeir fara?

Ef svörin verða óraunsæ er hægt að stinga upp á dagsferð um heimaslóðir og hvert yrði þá valið að fara. Hvetja síðan nemendur til að skrifa stutta sögu eða örsögu um ferðina.

Frá því að Kringlan var opnuð fyrir tuttugu árum hefur hún verið heimsótt 98 milljón sinnum. Það samsvarar því að hver einasti núlifandi Íslendingur hafi gert sér ferð þangað 327 sinnum síðan árið 1987. Heimsókn í Kringluna varir að meðaltali í 53 mínútur. Viðskiptavinir eyða að meðaltali 7.500 krónum í hvert skipti sem þeir stíga fæti þar inn. Fengið frá: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1159872/>

### Staldraðu við bls. 102

- 1.–2. Mismunandi svör. Margar tækninýjungar hafa litið dagsins ljós á síðustu árum. Nærtækast er að nefna síma og tölvur.
- Áhugavert er að heyra hjá nemendum hvað þeim finnst vera það allra nýjasta. Velta fyrir sér hvort nýjungar séu alltaf til að bæta líf okkar, einfalda það eða kannski flækja það.
- Eru nýjungar dýrar?
  - Eru þær mikilvægar?
  - Ef nýjungar eru til persónulegra nota.
  - Eru þær nauðsynlegar?
  - Hvað viljum við leggja mikið á okkur til að eignast þær?

### Parísarhjól (bls. 103)

Hér eru myndir af parísarhjólum:

[http://commons.wikimedia.org/wiki/Ferris\\_wheel?uselang=no](http://commons.wikimedia.org/wiki/Ferris_wheel?uselang=no)

<http://no.wikipedia.org/wiki/Pariserhjøl>

Áður en unnið er að verkefnunum væri hægt að gera orðalista yfir tæki sem finnast í skemmtigörðum. Mjög líklegt að einhver erlend orð komi við sögu og er þá hægt að hvetja nemendur til þess að finna gott nýyrði.

Umræður:

- Hafa nemendur farið í skemmtigarð?
- Hvernig var skemmtigarðurinn?
- Hvar er hann og hvernig er umhverfið?
- Hvetja nemendur að koma með myndir að heiman.

### Staldraðu við bls. 103

1. Við hönnun á eigin skemmtigarði þarf að hafa margt í huga:
- Hvernig garður? Á að vera þema?
  - Hvernig á hann að líta út? Hvernig er landslag svæðisins? Er gróður, vatn, hólar, dalir?
  - Hvaða tæki, hús, veitingastaðir, búðir?
  - Hvað á að kosta inn í garðinn?
  - Hvað þarf margt starfsfólk og við hvað vinnur það?



Nemendur geta hannað auglýsingabækling fyrir garðinn. Einnig geta þeir hannað aðgöngumiða, föt fyrir starfsfólkið, upplýsingaskilti hjá tækjunum, við inngang og á svæðinu til að vísa veginn o.s.fv. Verkefnið býður upp á marga möguleika og getur orðið að fjölbreyttu þemaverkefni ef áhugi er fyrir hendi.

Um hæstu, lengstu og hröðustu rússíbana í heiminum er hægt að lesa á veraldarvefnum. Keppni um þann mesta er stöðugt í gangi og um allan heim eru háir, langir og hraðskreiðir rússíbanar sem fær fólk til að skrækja hástöfum þegar þyngdarlögmálið fer á fleygiferð.

### Aukaverkefni

Heimssýningar vítt og breitt á ólíkum tíma:

- Nemendur vinna sjálfstætt eða 2–3 saman.
- Þeir skoða veraldarvefinn og velja sér eina heimssýningu til að vinna með.
- Nemendur undirbúa kynningu með helstu upplýsingum um sýninguna. Hvar hún var haldin, hvað var markvert við hana, komu fram nýjungar o.s.frv.
- Þeir flytja niðurstöður sínar fyrir hina í bekknum, getur verið í formi skyggusýningar (power point), og muna eftir að rökstyðja val sitt.

Greinin *Parísarhjóli* er tilvalin til að þess að setja staðreyndir á tímalínu. Ártölin eru í tímaröð: 1889, 1893, 1904, 1946 og 1964. Vanda þarf upplýsingarnar með ártölunum, draga fram staðreyndir og umorða.

1889 – Eiffeltorninn byggður fyrir heimsýninguna í París.

1893 – Fyrsta Parísarhjólið hannað og byggt af George W. Ferris, bandarískum brúarsmiði, fyrir heimssýninguna í Chicago.

## Fyrsta tölvan (bls.104)

### Staldráðu við bls. 105

1. Fyrir áhugasömustu nemendurna: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=791>
2. Í bókinni *Fíasól er flottust* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur heldur Fíasól upp á tækjalausa daginn. Kaflinn er góður til að lesa og/eða rifja upp með nemendum, við það fer hugmyndaflugið af stað hjá þeim áður en þeir fara að skrifa um sinn eigin dag. Hér eru tvö dæmi um tæki og það fer eftir rökstuðningi hvort það fer í +/- dálkinn.

Jákvæð tæki:	Rökstuðningur	Neikvæð tæki:	Rökstuðningur:
farsími	alltaf hægt að ná sambandi	farsími	truflar mjög mikið
fótanuddtæki	Gott að fara í fótabað	fótanuddtæki	óþarfi, tekur bara pláss

## Spékoppaspöng og nefbelti (bls. 106)

*Það væri nú lítið gaman ef allir væru eins.* Þetta heyrir oft sagt en samt dreymir marga um ákveðið útlit og leggja ýmislegt á sig til að ná því takmarki.

## Staldraðu við bls. 106

- 1.–3. Mismunandi svör. Allir eru mismunandi og öðruvísi en aðrir.
  - Hvernig væri ef allir væru eins?
  - Hvað finnst þér best við útlit þitt?
  - Ert þú tilbúin(n) að breyta einhverju í útliti þínu? Hverju og þá hvers vegna?

Það skiptir meira máli hver þú ert en hvernig þú lítur út.

- Ertu sammála eða ósammála þessari staðhæfingu?

## Þvottavélin Þórarinn Eldjárn (bls. 107)

Ljóðið er í bókinni *Grannmeti og átvextir* sem kom fyrst út árið 2001 og síðan endurútgefin árið 2013. Þórarinn Eldjárn er vinsæll rithöfundur og ljóð hans úr ofangreindri bók auk bókanna *Óðfluga*, *Halastjarna* og *Heimskringla* sem sameinaðar hafa verið í *Óðhalaríngla* eru jafnan mjög vinsæl meðal krakka og oft valin hjá nemendum til upplestrar í *Stóru upplestrarkeppninni* og í undirbúningi hennar.

Um Þórarin Eldjárn: [http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-4284/5789\\_read-116/categories-1369,2012/rskra-116/](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-4284/5789_read-116/categories-1369,2012/rskra-116/)

## Staldraðu við bls. 107

1. Persónugervingin í ljóðinu:
  - Þvottavélin svengir í alla fæðuflokka, hún japlar á fötum eins og nammi og étur skít.
2. Ef það eru samsett orð sem nemendur velja er ágætt að nota aðeins seinni hluta orðsins sem rímorð. Það er þjalla og gefur betri árangur, t.a.m. fæðuflokka; flokka, sokka, lokka, rokka, o.s.frv.
3. Útskýringar með góðum leiðbeiningum eru örugglega vel þegar þegar viðtakandinn árið 1873 fær sendinguna með tæki sem hann hefur aldrei séð áður.

Nemendur geta skoðað nokkra leiðbeiningabæklinga á veraldarvefnum. Í leiðbeiningum fyrir snjallsíma og spjaldtölvur er notandinn yfirleitt leiddur í gegnum ferlið með skrefum sem byrja á því fyrsta og verða svo eins mörg og þurfa þykir. Myndræn útfærsla er einnig algeng og leiðbeiningamyndbönd þar sem notandi er leiddur í gegnum ferlið.

Í tengslum við tækni og tæki er tilvalið að hvetja nemendur til þátttöku í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna sem haldinn er árlega og er fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk. Þátttaka í keppninni er skemmtileg leið til að leyfa sköpunargáfunni að blómstra og svo eru líka verðlaun í boði. Hver og einn má senda eins margar hugmyndir inn í keppnina og hann vill. Nánari upplýsingar eru á <http://nkg.is/>

**Bækur til að hafa í stofunni og ítarefni:**

- Halldóra Kristín Thoroddsen. 2002. *90 sýni úr minni mínu*. Mál og menning, Reykjavík.
- Kristín Helga Gunnarsdóttir. 2008. *Fíasól er flottust*. Mál og menning, Reykjavík.
- Vestly, Anne-Cath. 1972. *Áróra og Sókrates*. Stefán Sigurðsson þýddi. Iðunn, Reykjavík.
- Þórarinn Eldjárn. 2001. *Granmeti og átvextir*. Vaka-Helgafell, Reykjavík. (eða nýja útgáfan frá 2013).

